

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Íslenska sem annað mál

Orð verður til

Þróun íslensks nýyrðis og þættir sem ráða velgengni þess

Ritgerð til BA-prófs í Íslensku sem öðru máli

Kelsey Hopkins
Kt.: 010986-2069

Leiðbeinandi: Katrín Axelsdóttir
Maí 2017

Ágrip

Markmið þessarar ritgerðar er að kanna hvaða þættir ráða því hvort íslenskt nýyrði slái í gegn eða nái ekki fótfestu í málinu. Til umfjöllunar verða jafnt innri einkenni sem liggja í eðli orða sem og ytri þættir í samfélaginu sem hafa áhrif á afdrif nýyrða. Í fyrsta hluta ritgerðarinnar er rakin saga nýyrðasmíði á Íslandi í stuttu máli, auk yfirlits yfir þær fáu rannsóknir sem hafa verið framkvæmdar á þessu sviði til þessa. Í öðrum hluta er sjónum beint að nýyrðinu *sannlíki*, íslenskri þýðingu á hugtakinu „alternative facts“ sem hefur vakið mikla athygli í alþjóðlegri pólitískri umræðu frá upphafi ársins 2017. Sagt er frá uppruna hugtaksins í bandarískum fjölmiðlum og útbreiðslu þess í öðrum löndum. Svo er greint frá íslenska orðinu og velgengni þess með tilliti til mikilvægustu afgerandi þátta. Ritgerðinni lýkur með spá um stöðu orðsins *sannlíkis* í íslenska málinu í framtíðinni.

Þessi ritgerð var unnin undir leiðsögn Katrínar Axelsdóttur og ég vil þakka henni fyrir þá aðstoð, hvatningu og þær góðu hugmyndir sem hún hefur veitt mér. Einnig kann ég Idu Haugum bestu þakkir fyrir að leyfa mér að styðjast við meistararitgerðina sína, og Arngrími Vídalín fyrir vandaðan yfirlestur.

Efnisyfirlit

Ágrip	1
1. Inngangur	3
1.1 Ímynd íslensku í öðrum löndum.....	3
1.2 Yfirlit yfir sögu málhreinsunar	3
1.3 Málstefna í dag og hugmyndafræðin þar að baki	4
1.4 Rannsóknarspurning og uppbygging ritgerðarinnar	5
2. Afdrif nýyrða: eldri fræðileg rannsókn	6
2.1 Leiðin inn í málið: markmið, vinnubrögð og niðurstöður.....	6
2.2 Aðlögunarferli nýyrða	7
3. Hugtakið „alternative facts“ og tilraunir til að íslenska það	9
3.1 Inngangur	9
3.2 Uppruni orðsins/fyrirbærisins í Bandaríkjunum: hvers vegna varð orðið til?.....	9
3.3 Greining á orðinu sannlíki: uppruni þess og eiginleikar sem ráða velgengni	11
3.4 Málstýring	13
3.4.1 Málstýring úr grasrótinni.....	13
3.4.2 Málstýring sem mótspyrna	14
3.5 Aðrar tillögur, kostir þeirra og gallar.....	17
3.5.1 Almenn um aðrar tillögur.....	17
3.5.2 Raunverulíki og samkeppnin við hinn áþekka keppinaut <i>sannlíki</i>	17
3.5.3 Aðrar tillögur	19
4. Framtíð sannlíkis	22
4.1 Inngangur	22
4.2 Almenn um keppnina Orð ársins	22
4.3 Orð ársins 2017?.....	24
4.3.1 Viðurkenning á skyldum orðaforða í öðrum löndum	24
4.3.2 Önnur rök fyrir spá um sigur <i>sannlíkis</i>	26
4.4 Möguleikarnir á því að <i>sannlíki</i> lifi af.....	27
4.4.1 Góðar horfur	27
4.4.2 Mögulegar hindranir á útbreiðslu <i>sannlíkis</i>	28
4.4.3 Ályktanir	30
5. Lokaorð	30
Heimildir	32

1. Inngangur

1.1 Ímynd íslensku í öðrum löndum

Íslenska nýtur þeirrar vafasömu frægðar víða um heim að vera íhaldssamt og „óspillt“ mál sem hefur ekki breyst frá landnámsöld. Tilhugsunin um að geta lesið Íslendingasögurnar á „máli víkinganna“ tælir ótal marga erlenda ferðamenn, námsmenn og unnendur málvísinda, bókmennta og sagnfræði hingað á hverju ári. Að vissu leyti er þetta rétt og satt, en sannleikurinn er flóknari og margbrotnari (og áhugaverðari!) en rómantískar klisjur. Tungumálið sem barst hingað með fyrstu landnámsmönnum var „samnorænt“ mál sem var talað alls staðar á Norðurlöndum en smám saman urðu hin málin – norska, danska og sænska – fyrir miklum breytingum vegna meðal annars erlendra áhrifa. Íslenska er hins vegar sama málið í dag sem hér var talað í upphafi landsbyggðar, að mállýskumunum frátöldum (Baldur Jónsson 2006:16). Aðstæður fyrir stöðugleika íslensku í samanburði við náskyld mál eru margar en umfjöllun um þær rúmast ekki innan þessarar ritgerðar.¹ Mikilvægt er þó að gæta sín á því að rugla ekki *samhengi* málsins saman við *óbreytanleika*, og að hafa í huga að það sem lítur út fyrir að vera íhaldssemi er í raun ávöxtur vísvitandi starfsemi. Auk þess er rétt að forðast að kenna almennri fáfræði útlendinga um slíkar ranghugmyndir enda eru þær að hluta til á sögulegum rökum reistar.

1.2 Yfirlit yfir sögu málhreinsunar

Hugsjónin um „hreinleika“ og „sú viðleitni að halda móðurmáli sínu hreinu og án blöndunar úr öðrum málum“ á rætur að rekja til stefnu sem seinna fékk heitið *hreitungustefna*, en var mjög algeng víða um Evrópu á síðmiðöldum og jafnvel fyrir (Baldur Jónsson 2006:18). Arngrímur Jónsson lærði er talinn vera sá fyrsti sem skrifaði um „hreinleika“ málsins í riti sínu *Crymogæa* sem kom út árið 1609 (Baldur Jónsson 2006:18). Viðhorf Arngríms samræmist viðhorfum flestra samtímamanna hans, sem dýrkuðu forn málið sem fullkomna og óumbreytanlega gjöf frá Guði. Mest áhersla var lögð á varðveislu málsins eins og það var í fornum handritum. Þetta skyldi gert með því að forðast samskipti við útlendinga. Þetta voru viðvarandi viðhorf í einni eða annarri mynd næstu tvær aldir en forsendur fyrir „endursköpun nútímamáls eftir formyndum í forn máli“ sköpuðust ekki fyrir alvöru fyrir en í sjálfstæðisbaráttunni á 19. öld (Kjartan

¹ Um þess konar aðstæður, sjá Helga Guðmundsson.

G. Ottósson 1990:13). Fram að þessu voru afstaða til málsins og meðferð þess íhaldssöm fyrirbæri í beinasta skilningi því að áhersla var lögð á að halda málinu óbreyttu eða „hreinu“. Íslendingar voru í baráttuhug fyrir viðurkenningu þjóðar sinnar og tungu. Málhreinsunarstefnan (hreitungustefnan) snerist gegn dönsku og beindist að „upprætingu þess sem litið er á sem [...] illgresi í málinu“ (Kjartan G. Ottósson 1990:9). Galli við „varðveislu“ af þessu tagi var að enginn gaumur var gefinn að sköpunarmætti tungumálsins. Álit fræðimanna fór smám saman að breytast vegna aðstreymis nýjunga í t.d. menntun og vísindum á síðari hluta 19. aldar sem kölluðu á ný orð, og frá þeim tíma hefur nýyrðasmíði verið í fyrirrúmi. Það sem áður kallaðist *málhreinsun* var nú að verða að *málrækt*.

1.3 Málstefna í dag og hugmyndafræðin þar að baki

Íslensk málnefnd var stofnuð árið 1964 í þeim tilgangi að annast söfnun nýyrða og útgáfu þeirra. Meginhlutverk nefndarinnar er „að vinna að eflingu íslenskrar tungu og varðveislu hennar í ræðu og riti“ (*Íslenska til alls* 2008:13). Með *varðveislu* er átt við að „halda gerð þess óbreyttri og raska ekki stórlega merkingum orða og orðasambanda“, en í *eflingu* felst að „stækka orðaforðann og auka fjölbreytni í orðalagi“ (Kjartan G. Ottósson 1990:9). Endursköpun málsins með fornmálið sem fyrirmynd byggist á þessum forsendum; þess vegna er betra að tala um *samhengi* íslensku heldur en *óbreytanleika* hennar. Áður þóttu þessir tveir þættir – varðveisla og efling – vera í þversögn hvor við annan en í fyrsta skipti var farið að líta á þá sem samverkandi öfl. Sameinuð starfsemi í þessum anda hefur ekki alltaf verið til, og hún á Birni Bjarnasyni frá Viðfirði, málfræðingi og kennara, að þakka hugmyndafræðina að baki. Árið 1918 flutti Björn ræðu á fundi Verkfræðingafélagsins þar sem hann fjallaði um mikilvægi nýyrðasmíði í því að halda íslensku lifandi. Hann hafnar íhaldssamri „lotningu fyrir forneskjunni“ algjörlega og hvetur fólk í staðinn til að kynna sér „frjómagnið“ sem býr í málinu. Fólk á ekki að vera hrætt um að hrófla við „hreinu“ máli, heldur að nýta frjósemi þess til að gefa erlendum hugtökum og heitum „þjóðlegan blæ“. Hann bendir á að íslenska hefur aldrei verið laus við erlend áhrif; formenn aðlöguðu urmul af orðum og orðhlutum úr t.d. keltneskum málum og latínu að málinu sínu, sem er litið á í dag sem alíslensk. Það er meira að segja óaskilegt að mál sé einangrað því það getur orðið til þess að það verði „eintrjáningslegt og þunglamalegt“. Sérstaða íslensku í þessu tilliti

er að hún er vel hneigð fyrir nýyrðasmíði.² Björn stingur ekki upp á sérstökum reglum um nýyrðasmíð, en hann segir að lykillinn að vel heppnuðum nýyrðum sé traust þekking á fornmálinu. Hann hvetur fólk til að sækja innblástur í það og reyna á þanþol sköpunarmáttar þess svo að framtíð íslenskrar tungu verði tryggð.

1.4 Rannsóknarspurning og uppbygging ritgerðarinnar

Mikið hefur verið fjallað um mikilvægi nýyrðasmíði fyrir framtíð íslensku, og flestir fræðimenn hafa sína skoðun á því hvernig best ætti að sinna þessu starfi. Margir eru sammála um að bestu nýyrðin hafi nokkur sameiginleg einkenni, en fræðimenn hafa verið furðulega hljóðir um afdrif nýyrða.³ Kjartan G. Ottósson benti á skort á skipulegri rannsókn á þessu sviði fyrir tæplega 30 árum en hana virðist vanta enn þá.⁴ Í þessari ritgerð verður leitast við að svara spurningunni um hvaða þættir ráða því hvort nýyrði slái í gegn eða missheppnist algjörlega.

Umfjöllun í þessari ritgerð grundvallast á nýlegri meistaraþrófsritgerð *Vegen inn í spráket. Om integrering av nyord i islandsk* eftir Idu Haugum, nema í norrænum tungumálum við Háskólann í Björgvin.⁵ Ég hef mestu hliðsjón af rannsókn Haugum og ályktunum hennar enda fæst hún við sömu rannsóknarspurningu á kerfisbundinn og vísindalegan hátt. Auk þess vildi svo heppilega til að nýyrðið *sannlíki* spratt upp í fjölmiðlum sem íslensk þýðing á hugtakinu „alternative facts“ í upphafi ársins 2017. Meginefni þessarar ritgerðar snýst um að fylgjast með þróun orðsins og að skoða það í ljósi ályktana Haugum um þætti sem ráða velgengni nýyrða. Í 2. kafla gef ég stutt yfirlit yfir rannsóknarverkefni Haugum, vinnubrögð hennar og niðurstöðurnar. Í stöku tilvikum er vísað í aðrar almennar kenningar innan málfræði og málvísinda en einungis eftir þörfum.

² Björn nefnir tvær meginleiðir (þótt aðrar séu til) til að búa til nýyrði, *afleiðsla* og *samsetning*. Með afleiðslu er átt við að bæta aðskeyti við rót eða stofn. Samsetning er það að tveimur eða fleiri rótum er steipt saman til að mynda nýtt orð. Tungumál eru misfær í nýyrðasmíði; sum eru liðugri í annarri leið en ekki hinn og öfugt. Franska til dæmis notar nánast eingöngu afleiðslu en íslenska er „jafnvíg á hvorttveggja“ (Baldur Jónsson 2006:242).

³ Meðal þeirra einkenna sem Kjartan G. Ottósson hyggur að séu kostir fyrir nýyrði eru að þau séu myndræn, lýsandi, smellin og minni á erlendu fyrirmyndirnar sem þeim er ætlað að „íslenska“ (Kjartan G. Ottósson 1990:120). Skoðun Kjartans samræmist skoðun margra Facebook-notenda sem tóku þátt í umræðunni um þýðingu á „alternative facts“, og Ida Haugum nefnir þessi einkenni í ritgerð sinni sem ég hef hliðsjón af.

⁴ „Ekki hefur svo mér sé kunnugt verið rannsakað skipulega hvað það er í fari nýyrðanna sjálfra sem ræður því hvort þau ná útbreiðslu“ (Kjartan G. Ottósson 1990:120).

⁵ „Leiðin inn í málið. Um aðlögun nýyrða í íslensku“. Mín þýðing.

Ég kynni hugtakið „alternative facts“ í upprunalegu samhengi í fyrri hluta 3. kafla (3.1 og 3.2). Í seinni hlutanum (3.3–3.5) segi ég frá tilraunum til þess að íslenska hugtakið: ég greini frá orðinu *sannlíki* með tilliti til hugsanlegra einkenna vel heppnaðs nýyrðis, og færi rök fyrir velgengni þess með tilliti til málstýringar sem pólitískri aðferð. Kaflanum lýkur með svipaðri greiningu á nokkrum öðrum mögulegum íslenskum þýðingum á „alternative facts“. Auk ritgerðar Haugum vitna ég ítrekað í greinina „Baráttan um orðin. Orðanotkun tengd samkynhneigð“ eftir Þóru Björk Hjartardóttur, auk þess að leita til athugasemda Facebook-notenda til að rökstyðja staðhæfingar mínar.

Fjórði og síðasti kaflinn snýst um þá spá að *sannlíki* verði valið Orð ársins 2017. Ég segi fyrst frá sögu keppinnar Orð ársins og tilgangi hennar. Svo færi ég rök fyrir spánni með því að bera saman þróun orðsins *sannlíkis* við svipaðan orðaforða í nágrannalöndunum. Í lokin er horft almennt til framtíðar, óháð úrslitum keppinnar en með tilliti til flestra hugmynda sem eru teknar fyrir í ritgerðinni. Ég styðst óvenjulega mikið við rafrænar heimildir, samfélagsmiðla og dagblöð fremur en viðurkennd fræðirit vegna þess að önnur rannsókn á efninu er lítil, og nýyrðið sem ég fjalla um er ennþá að þróast.

2. Afdrif nýyrða: eldri fræðileg rannsókn

2.1 Leiðin inn í málið: markmið, vinnubrögð og niðurstöður

Þeir þættir sem ráða árangri nýyrða hafa lítið verið rannsakaðir þótt Kjartan G. Ottósson og aðrir fræðimenn hafi velt vöngum yfir þeim atriðum sem vel heppnuð nýyrði eiga sameiginleg. Helsta heimildin sem stuðst er við í þessari ritgerð eru meistarritgerð Idu Haugum, *Vegen inn í spráket. Om integrering av nyord i islandsk*. Því er ástæða til að lýsa þessari ritgerð hér í upphafi. Rétt er að taka fram að hér verður aðeins nefnt það helsta; ýmis atriði í ritgerð Haugum verða aðeins til umfjöllunar í síðari köflum.

Rannsóknarspurning Idu Haugum er í grundvallaratriðum sú sama og mín: að skoða hvort tiltekin einkenni nýyrða geti útskýrt hvers vegna eða hvort þau nái fótfestu í málinu. En spurning hennar er í rauninni tvíþætt, og gengur út frá því að lýsa aðlögun nýyrða sem ferli sem tekur tíma. Ekki ná öll nýyrði jafn tryggri fótfestu, og það reynist frekar erfitt að segja fyrir um hvort eitthvert nýtt orð endist eða deyr út, því að velgengni þess til lengdar er háð flóknu samspili margra þátta, sem eru að hluta til

ófyrrisjáanlegir. Haugum styðst við timarit.is, stafrænan gagnagrunn ýmiss konar prentmiðla, til að skoða úrval íslenskra nýyrða sem hafa komst inn í málið á árabílinu 1880–2010. Hún safnar orðum og samheitum yfir sömu orðin sem voru líka í notkun á því tímabili, ber saman tíðni þeirra, og gerir tilraun til að greina frá þeim þáttum sem ráða því að einn valkosturinn sé valinn fremur en hinir. Annar þáttur rannsóknarspurningarinnar er um hvað tíðni þessara orða segir okkur um aðlögunarstig þeirra, þ.e. hversu fastri fótfestu orðin hafa náð. Hinn þátturinn er hvort hægt sé að útskýra aðlögunarstig orðanna út frá innri einkennum þeirra og/eða ytri einkennum eða fyrirbærum í samfélaginu eða ytri heiminum sem orðin eru sprottin upp úr.⁶ Niðurstöðurnar leiða í ljós fjölmarga innri (s.s. málfræðilega) og samfélagslega þætti, sem hafa mismikil áhrif á aðlögun og velgengni nýyrðis. Þær benda fyrst og fremst til þess að mikilvægasti innri þátturinn sé bein og skýr tengsl á milli forms orðsins og merkingar, þ.e. hvort orðið sé auðskilið út frá gerð sinni, og hversu auðvelt það er fyrir málhafa að tengja það við fyrirbæri í ytri heimi sem orðið vísar til.⁷ Afgerandi ytri þáttur er hins vegar tími. Eldri orð njóta að jafnaði tryggrar stöðu í málinu andspænis yngri samheitum.⁸ Þegar öllu er á botninn hvolft er þó ekki hægt að fullyrða afdráttarlaust um hvaða þættir séu mikilvægastir enda virka þeir saman yfir lengri tíma, og styrkur tengsla á milli orðs og merkingar þess er háð breytingum í ytra samfélaginu.⁹

2.2 Aðlögunarferli nýyrða

Ekki er þörf á að telja upp öll fræðileg hugtök í ritgerð Haugum eða alla þætti sem hún nefnir að hafa áhrif á líf nýyrða enda skoðar hún miklu stærra og fjölbreyttara úrval orða en ég geri. Mikið í ritgerðinni minni byggst á skilningi á ferlinu sem nýyrði fara í gegnum til að ná viðurkenningu, þannig að það er hentugt að hafa allar útskýringar á einum stað. Vitnað verður aftur í þær þegar þar að kemur síðar, og önnur afgerandi atriði verða útskýrð í meginmáli með tilliti til þessa ferlis. Aðlögunarferlið skiptst í þrjú stig eftir því hversu mikilli fótfestu orð hefur náð í málinu. Það er mikilvægt að skilja

⁶ „I oppgåva undersøker eg fylgjande todelte problemstilling: Kva fortel bruksfrekvensen til eit utval íslandske nyord frå 1880 – 2010, målt i timarit.is, om integrering deira? Korleis kan integreringsstatusen deira forkjarast ut frå eigenskapar ved orda og eventuelt ytre faktorar?“ (Haugum 2016:7)

⁷ „Den viktigaste suksessfaktoren ser ut til å vera ei mest mogeleg direkte og konvensjonell kopling mellom form og tyding.“ (Haugum 2016:134)

⁸ „Den viktigaste utanomspråkelige faktoren er tid – eldre ord greier seg betre enn yngre synonymar.“ (Haugum 2016:134)

⁹ „Funna er ikkje utan unntak, og for svært mange ord kan så mange faktorar ha vera samstundes at det er uråd å seia kva som har vege tyngst.“ (Haugum 2016:134)

einkenni ferlisins því það veitir innsýn í þættina sem auka líkurnar á því að orð verði tekið upp til lengdar. Stigin eru:

(1) a. augnabliksmyndun (n. *augnablinksdanning*, e. *nonce formation*)

b. nýmyndun (n. *nydanning*, e. *neologism*)

c. viðurkennt nýyrði (veikt eða sterkt) (n. *svakt eller sterkt integrerte ord*)

Orðin á stiginu (1a) eru búin til á staðnum til að þjóna tilteknum tilgangi, lifa stuttu lífi en deyja út, oft strax eftir fyrstu notkun. Strangt til tekið byrja öll nýyrði sem augnabliksmyndanir en Haugum telja þau orð sem misheppnast vera endanlegar augnabliksmyndanir (sjá í 3.5.2 dæmi og ítarlegri útskýringu á orðum á þessu stigi). Helsta hættan á þessu stigi stafar af samkeppni frá öðrum orðum um sama hugtak eða fyrirbæri sem eru notuð á sama tímapunkti. Tvö slík orð úr safni Haugum eru *hraðreið* ('bíll') og *þangvefja* ('sushi') (Haugum 2016:42). Nokkur einkenni augnabliksmyndanna eru gegnsæi og fyrirsjáanleiki, sem má sjá í þessum tveimur dæmum. Til þess að komast af stiginu (1a) á stigið (1b) þarf nýyrðið að breiðast út til flestra málhafa innan málsamfélagsins.

Orðum á stiginu (1b) hefur tekist að ná takmarkaðri útbreiðslu en þau hafa ekki hlotið almenna viðurkenningu innan málsamfélagsins. Þessi orð eru ýmist minna notuð en önnur orð yfir sama hugtak eða tilheyrja sérmáli tiltekins hóps, t.d. unglíngamáli eða þau eru slanguryrði sem er ólíklegt að verði tekin upp í hversdagslegu máli. Flestir hafa komist í snertingu við orð á þessu stigi og sum er meira að segja að finna í orðabókum þótt þau eru nokkuð sjaldgæf. Haugum bendir til dæmis á að sjaldgæfa nýmyndunin *sjálfrennreið* ('bíll') sé merkt í *Íslenskri orðabók* sem „gamalt nýyrði“ (Haugum 2016:9). Framtíð nýmyndunar er háð öllum öðrum einkennum, þáttum og áhrifum sem ráða ferð nýyrðis inn í málið, en oftast er það samkeppni frá erlendum tökuorðum eða öðrum innlendum orðum sem dregur úr notkun einhverrar nýmyndunar eða leiðir til þess að hún dettur smám saman úr málinu (Haugum 2016:9). Síðasta stigið skiptist í tvo undirflokkka eftir stöðugleika notkunar í hversdagslegu máli. Orð á báðum stigum eru mynduð úr íslenskum orðhlutum (andstætt sumum orðum á fyrri stigum sem geta verið tökuorð) og hafa náð góðri fótfestu í málinu, en munurinn liggur í hlutfallslegri tíðni þeirra. Sterk viðurkennd orð eru algengari miðað við veik samheiti, en tíminn verður að leiða í ljós hvor kosturinn á þessu stigi verður ofan á.

Dæmi sem Haugum nefnir eru orðin *bíll* og *bifreið*, þar sem fyrri orðið er sterkt

viðurkennt og hið síðara veikt.

3. Hugtakið „alternative facts“ og tilraunir til að íslenska það

3.1 Inngangur

Það var mikill hvalreki í upphafi ársins að fá tækifæri til að fylgjast með, nánast frá degi til dags, myndun og þróun íslensks nýyrðis. Í þessum kafla verður fjallað um tilraunir Íslendinga til að búa til viðeigandi orð yfir hugtakið „alternative facts“, sem varð til í pólitískum umræðum vestanhafs um vafasamar staðhæfingar nýkjörins Bandaríkjaforseta. Hér verða fyrst rakin saga og uppruni hugtaksins og orðatiltækisins í stuttu máli til þess að varpa ljósi á mikilvægi þess að vanda sköpun nýyrðis vel. Þar á eftir verður gerð grein fyrir því íslenska orði sem hefur vakið mesta athygli ásamt öðrum tillögum, og viðbrögð Facebook-notenda við þessum orðum útskýrð frá hugmyndafræðilegu sjónarhorni. Stuðst er við fræðilegan bakgrunn sem Ida Haugum leggur fyrir í meistararitgerðinni sinni, ásamt lýsingu Þóru Bjarkar Hjartardóttur á hugtakinu málstýringu í ofan nefndu greininni.

3.2 Uppruni orðsins/fyrirbærisins í Bandaríkjunum: hvers vegna varð orðið til?

Hugtakið „alternative facts“ og fyrsta notkun þess eiga rætur að rekja til spennuþrungsins viðtals sem fréttamaður fréttapáttarins *Meet the Press* á bandarísku sjónvarpsstöðinni CNN tók við Kellyanne Conway, einn æðsta ráðgjafa hins nýkjörna forseta, tveimur dögum eftir að hann var svarinn í embættið (Todd 2017). Innsetningarathöfnin fór fram föstudaginn 20. janúar en deilur á milli ráðuneytis forsetans og meginstraumsfjölmiðlanna hófust strax sunnudaginn þar á eftir. Ágreiningurinn snérist um ósamræmi á milli metins fjölda þeirra sem voru viðstaddir athöfnina og fjöldans að sögn talsmanns forsetans. Loftmyndir ásamt tölfræði um fjölda farþega í neðanjarðarlestum bandaríska höfuðborgarsvæðisins sýna töluvert minni aðsókn en vænst var (Sinderbrand 2017). Horfur á að innsetning Trumps myndi slá áhorfs- og aðsóknarmet voru jafnvel hluti af herferð hans í kosningabaráttunni. Sean Spicer, talsmaður Hvíta hússins, hélt því fram á blaðamannafundi daginn eftir innsetninguna að aðsókn hefði slegið met. Aðspurð um hvers vegna talsmaðurinn hafi logið óskammfeilið til um tölurnar að fjölmiðlunum, þrátt fyrir öll sönnunargögnin, færist Kellyanne Conway undan því að svara. Hún viðurkennir að lokum að Spicer hafi sagt „annan sannleika en fjölmiðlar“ (Róbert Jóhannsson 2017). Fréttamaðurinn spyr frekar

tortrygginn á svip hvað hún eigi við, og segir að annar sannleiki (þ.e. „alternative facts“) sé ekki til, heldur beinlínis ósannindi (e. *falsehoods*) (Sinderbrand 2017). Þetta viðtal hefur vakið mikla athygli á fínlegum blæbrigðamun á orðunum *lygi* (e. *lie*) og *ósannindi* (e. *falsehood*). Auk þess kynnti það fyrir bandarísku þjóðinni og fljótlega þar á eftir öllum heiminum nýtt hugtak til að glíma við að skilgreina – „alternative facts“. Áður en vikið verður að tilraunum til að búa til íslenskt orð yfir hugtakið er nauðsynlegt að fjalla um mikilvægi þess að vera eins nákvæmur og hægt er í orðavali þegar um eins vandmeðfarið hugtak og þetta er að ræða.

Ítarleg grein um ofangreind átök og hinn gildishlaðna orðaforða sem hefur sprottið upp úr þeim birtist í *Morgunblaðinu* sunnudaginn 5. febrúar. Í greininni er vitnað í Gerard Baker, ritstjóra hins vel metna bandaríska fréttablaðs *New York Times*, sem segir frá því að miðill hans sé varaður við því að nota orðið *lygi* þegar sannleiksgildi einherrar staðhæfingar stjórnálamanns sé hæpið (Anna Marsibil Clausen 2017:20). Helst verður talað um *ósannindi* (e. *falsehoods*) enda er merkingin víðtækari; allar *lygar* (e. *lies*) eru ósannindi en ekki öll ósannindi eru *lygar*. Munurinn felst í því að *lygar* þurfi að þjóna ákveðnum tilgangi. Sá sem lýgur er að öllum líkindum fullviss um sannleiksgildi fullyrðinga sinna. (Þetta verður rætt ítarlega seinna, þegar komið verður að hugtakinu málstýringu.) Fjölmíðlamenn og almenningur hafa auðvitað ekki greiðan aðgang að öllum upplýsingum um viðkomandi mál, því síður að þeim upplýsingum sem æðstu embættismenn ríkis hafa (eða ættu að hafa) á reiðum höndum. Þess vegna er mjög erfitt og í sumum tilfellum alveg ómögulegt að vita fyrir víst um hvort einhver röng eða vafasöm staðhæfing sé beinlínis *lygi*. Hins vegar geta *ósannindi* náð yfir það sem er ekki alveg rétt af einhverri ástæðu, hvort sem um vísvitandi úrfellingu upplýsinga, misskilning eða ófullkomna mynd af ástandi sé að ræða. Með því að vanda orð sín getur fjölmiðlafólk minnkað hættuna á því að ásaka aðra um að útbreiða *lygar*, án þess að geta staðfest það. Að bera ábyrgð á fullyrðingum sínum er mikilvæg undirstaða þess að geta treyst fjölmiðlunum.

En hvað er svona merkilegt við „alternative facts“ að hugtakið eigi skilið sína eigin skilgreiningu? Leita má svara í tilgangi og afleiðingum „alternative facts“, eða sannlíkis, en ég nota það orð hér í framhaldinu án þess að í því felist einhver dómur um orðið. Sannlíki er sérstakur undirflokkur *lyga* sem er búinn til í því skyni að „verða að sannleika fyrir ákveðna hópa, sama hvað fjölmiðlar reyna“ (Anna Marsibil Clausen

2017:21). Maria Konnikova, sálfræðingur og blaðamaður, greinir frá því hvernig Trump og stuðningsmenn hans endurtaka falskar fullyrðingar „aftur, og aftur, og aftur“ þangað til þær verða skynjaðar sem sannar staðreyndir (Konnikova 2017). Þetta er mjög úthugsuð aðferð sem hefur borið árangur. Dreifing sannlíkis hefur í för með sér útbreiðslu svipaðs og skylds fyrirbæris, svokallaðra „falskra fréttar“ (e. *fake news*).¹⁰ Falskar fréttir geta verið álitnar sem bein og áþreifanleg afleiðing ítrekaðs sannlíkis. Dæmi um slíkt sem hefur farið eins og eldur í sinu eru fréttir um Bowling Green-blóðbaðið, atburð sem aldrei átti sér stað. Kellyanne Conway, sama konan sem bjó til hugtakið „alternative facts“, vitnaði í skáldað hryðjuverk í bænum Bowling Green í Kentucky-ríki, þar sem tveir íraskir flóttamenn eru sagðir að hafa framið árásirnar árið 2011 (Bever og Schmidt 2017). Ástæða þess að enginn veit neitt af blóðbaðinu er, samkvæmt Conway, að fjölmiðlarnir hafa ekki sinnt því að fjalla um það. Tilgangur þessa uppspuna var fyrst og fremst að réttlæta ferðabann múslima, en afleiðingarnar eru tvenns konar: að grafa undan trúnaði almennings á meginstraumsfjölmiðlunum og að láta nýjan „sannleika“ koma í staðinn fyrir hinn raunverulega. Til þess að stemma stigu við afbökun sannleikans og dreifingu sannlíkis í stað sannleika er mikilvægt að fólkvandi málfar sitt og noti orðaforða sem gerir greinarmun á milli sannleikans og sannlíkis; með öðrum orðum, að sinna málstýringu, sem verður nánar útskýrt í 3.4.

3.3 Greining á orðinu sannlíki: uppruni þess og eiginleikar sem ráða velgengni

Hér á eftir verður greint frá einni mest áberandi tillögunni að íslensku orði yfir „alternative facts“. Margvíslegar tillögur, hver með sína eigin áherslu og rök að baki, eru sprottnar upp úr frjósamri mold fjörlegra umræðna landsmanna í alls konar fréttamiðlum. Dæmið sem verður skoðað sérstaklega í þessari ritgerð og rökin með og á móti því, var fengið úr athugasemdakerfum ýmissa opinna íslenskra Facebook-síðna.

Opinber skoðanaskipti meðal almennings hafa greinilega borið árangur enda var eitt orðanna sem hefur verið stungið upp á fyrir „alternative facts“ mjög fljótt tekið fram yfir: það er orðið *sannlíki*. Í þessum undirkafla verður gerð grein fyrir orðinu, félagslegum einkennum sem skapa nýyrðum hagstæð skilyrði, og ferlinu sem orðið hefur farið í gegnum hingað til, eins og því er lýst í 2.2.

¹⁰ Sumum er í nöp við orðalagið „falskar fréttir“ enda ber það með sér hráþýðingu úr ensku. Aðrar íslenskar þýðingar þekkjast, þ.á m. *gervifréttir*, *falsfréttir* og *lygafréttir*. Ég kys hins vegar „falskar fréttir“ vegna samræmis við greinina í *Morgunblaðinu*, þar sem orðalagið er notað.

Greinin í *Morgunblaðinu*, sem nefnd var hér að framan, birtist 5. febrúar 2017, tæplega tveimur vikum eftir að orðið *sannlíki* sást fyrst notað á samfélagsmiðlum. 23. janúar deildi Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir, ritstjóri *Kvennablaðsins*, grein úr *Washington Post* sem segir frá „alternative facts“ á ensku, en það Facebook-fylgjendur sína að stinga upp á íslenskum þýðingum á hugtakinu. Áskorunin kveikti mikla umræðu og hafði í för með sér hugleiðingar af ýmsum toga, frá hinu pólitíska til hins málfraðilega, en allar hafa haft áhrif á þau orð sem um var að velja og ástæður fyrir því að velja þau. Einn notenda (Guðrún Hannesdóttir 2017) stakk upp á orðinu *sannlíki*. Innan fáeinna klukkutíma komu mörg ummæli þess efnis að þetta væri besti kosturinn. Vikið verður að rökum með og á móti þessum kosti og öðrum kostum seinna í ritgerðinni. Orðið *sannlíki* hefur breiðst svo hratt út í kjölfar umfjöllunarinnar á Facebook að *Morgunblaðið* notar það þarna, 5. febrúar, án gæsalappa, sem má gjarnan líta á sem samþykki á gildi orðsins „að ofan“, þ.e. frá ritstýrðri stofnun sem hefur áhrif á þróun tungumáls. Velgengi orðsins má eigna flóknu samspili samfélagslegra og málfraðilegra einkenna. Hér verður fyrst rætt um tvö helstu samfélagsleg einkenni sem eiga við uppruna þessa orðs.

Ida Haugum lýsir nokkrum ytri einkennum sem væntanlega hafa áhrif á hvort eitthvert nýyrði nái fótfestu í málinu eða ekki. Þessi einkenni eru ekki eðlislæg orðinu sjálfu heldur eru almennar lýsingar á kringumstæðum samfélagsins og tíðaranda sem nýyrðið hefur sprottið úr. Þeir tveir ytri þættir sem skipta mestu um velgengi orðsins *sannlíki* eru annars vegar það sem ég kys að nefna *merkingargat* og hins vegar hlutverk fjölmiðla í útbreiðslu nýyrða. Merkingargat verður til þegar málsamfélag vantar orð til að lýsa einhverju fyrirbæri eða hugtaki sem er nýtt, framandi eða hefur að öðru leyti ekki komið samfélaginu við (Haugum 2016:50).¹¹ Ástæðurnar sem hugsanlega geta myndað merkingargat eru af ýmsum toga, þar á meðal tískusveiflur, framfarir í tækni og vísindum og breytingar á pólitísku andrúmslofti, eins og í þessu tilviki. Pólitískur vettvangur nútímans einkennist af mikilli togstreitu og flokkadráttum. Fólk báðum megin pólitíska litrófsins er orðið mjög viðkvæmt fyrir öllu sem því finnst að gæti látið í ljós dulin áform, undirferli eða lymsku hjá yfirvöldunum. Ofsóknaræðið magnast og

¹¹ Ida Haugum skrifar um *semantisk trong*, sem í beinni þýðingu merkir *merkingarþörf*, en mér finnst heitið *merkingargat* meira viðeigandi því það gefur í skyn að gat er í málinu sem þarf að fylla upp í með innlendu orði. Hugtakið sjálft er merkingin, og er nú þegar til í málsamfélaginu. Aðeins táknið vantar. En heitið er auðvitað smekksatriði sem breytir í engu fræðilega hugtakinu sem Haugum notar.

jafnvel finnur sér réttlætingu þegar fólk fréttir af alvarlegum og áþreifanlegum afleiðingum þessara flokkadrátta, svo sem dreifingu „falskra fréttanna“ eins og áður var nefnt. Það er nákvæmlega þessi aukna viðkvæmni sem kallar á nýjan orðaforða sem fólk getur notað til að tjá sig um fyrirbæri sem var annaðhvort aldrei til áður eða fólk er nýorðið vart við. En orðið *sannlíki* hefur annað forskot sem eykur líkurnar á því að það lifi áfram í málinu – notkun í fjölmiðlunum og viðurkenningu frá þeim. Þegar almenn ritstýrð fjölmiðlastofnun á borð við *Morgunblaðið*, sem um var að ræða í þessu tilviki, tekur upp eitthvert nýyrði er líklegt að það nái til miklu fleira fólks en hefði verið mögulegt án hjálpar fjölmiðlanna. Þetta er beinasta og skilvirkasta leiðin til að koma eins mörgum og hægt er í snertingu við nýtt orð, og færa það á hraðbraut til viðurkenningar.

3.4 Málstýring

3.4.1 Málstýring úr grasrótinni

Það sem er eftirtektarvert við *sannlíki* er leið orðsins inn í hversdagsmálið. Þetta er sérstakt dæmi um orð sem hefur ratað inn í málið úr grasrótinni og hlotið samþykki „að ofan“, eins og áður var nefnt. Slíkt ferli má skilja innan ramma hins fræðilega hugtaks málstýringar, sem raunar liggur á bak við allt sem hefur komið við þessari umfjöllun hingað til. Hugað verður nú að þessu hugtaki og upptökum orðsins *sannlíkis* út frá sjónarhorni þess.

Í grein sinni „Baráttunni um orðin“, fjallar Þóra Björk Hjartardóttir um regnhlífarhugtakið málstýringu, sem hún skilgreinir sem „allar meðvitaðar eða ómeðvitaðar aðgerðir til að hafa áhrif á vöxt og viðgang tungumáls: hvernig það þróast og hvernig það er notað“ (Þóra Björk Hjartardóttir 2004:91). Þetta endurspeglar brýna nauðsyn þess að vanda málfar og orðaval líkt og var til umræðu í 3.2 en í þessu tilviki nær þessi aðgætni og vöndun yfir á svið nýyrðasköpunar. Birtingarmyndir málstýringar eru margbreytilegar en Þóra nefnir tvær leiðir sem hún fer yfirleitt: hina hefðbundnu leið annars vegar og hina óhefðbundnu hins vegar, sem ég kys að nefna grasrótarmálstýringu.¹² Hugtökin eru í báðum tilvikum frekar víðtæk en má skilja í

¹² Munurinn á óhefðbundinni eða róttækri málstýringu eins og Þóra lýsir henni og því sem ég kalla „grasrótarmálstýringu“ er nokkur. Róttæk málstýring með tilliti til jafnréttisbaráttu samkynhneigðra felur í sér endurnýjun orða, þar sem orð sem eru nú þegar til eru endurskilgreind og/eða þeim eru gefin önnur blæbrigði til þess að gera þau saklaus. Það sem ég kalla „grasrótarmálstýringu“ er frekar nýyrðasmíð. Báðar tegundir hafa það sameiginlegt að byrja „að neðan“ og án þess að opinberir aðilar skipti sér af því.

hnotskurn sem málstýringu „að ofan“ eða „að neðan“. Sú fyrrnefnda felur í sér formlegri stjórn á málinu sem er framkvæmd af opinberum aðilum á borð við stofnanir eins og Ríkisútvarpið og ritstýrða prentfjölmiðla svo að dæmi séu nefnd. Slíkir aðilar búa til nýtt orð eða orðatiltæki og vona að almenningur fari að hugsa á sama hátt og samþykki orðið. Hin tegund málstýringar er þveröfug leið. Almennigur eða tiltekinn hópur meðal almennings (oft einhver minnihlutahópur en ekki alltaf) býr til orð og vonar að það fái samþykki að ofan og þar með festi sig í sessi í málinu. Hvatning og ástæður fyrir því að vilja stýra málinu eru margvíslegar en tilgangurinn er í meginatriðunum sá sami: „að beina málnotkun fólks í tiltekinn farveg“ (Þóra Björk Hjartardóttir 2004:91). Grein Þóru fjallar að mestu leyti um baráttu samkynhneigðs fólks á Íslandi til að hreinsa það sem hún nefnir „ljótleikann“ úr orðum sem samkynhneigðir notuðu til að tala um sjálfa sig í hversdagslegu máli (Þóra Björk Hjartardóttir 2004:86). Ljótleikinn í orðunum *hommi* og *lesbía* var bundinn fordómum almennings í garð samkynhneigðra og „blygðunarkennd“ sem þessi orð snertu hjá fólki (Þóra Björk Hjartardóttir 2004:88) Baráttan var í eðli sínu hápólitísk enda snerist hún fyrst og fremst um jafnrétti, og má teljast til grasrótarmálstýringar því að hún fór frá minnihlutahóp út til almennings. Von samkynhneigðra var sú að koma fleiri í snertingu við orðaforða sem þótti bannhelgur, en þessi sífelld snerting við orð er nauðsynleg til þess að það hætti að tilheyra jaðarhópi og fái viðurkenningu almennings (sjá 2.2). Beinasta leiðin til að ná til alls samfélagsins er að fá fjölmiðla og opinberar stofnanir til að taka upp þessi orð og dreifa þeim. Umræðan um „alternative facts“ og sannlíki, á íslensku sem og á ensku, minnir að sumu leyti á málstýringartilraun samkynhneigðra. „Alternative facts“ og sannlíki þykja ekki viðkvæm eða bannhelg á sama hátt og samkynhneigð fyrr á tímum, en samt sem áður er um að ræða tilraun til að breyta viðhorfum almennings til umdeilds hugtaks með því að stjórna því hvernig fólk talar um og skilur það.

3.4.2 Málstýring sem mótspyrna

Afhjúpun ríkjandi pólitískrar afstöðu Íslendinga felst í því að orðið sem fór með sigur af hólmi, *sannlíki*, má líta á sem mótspyrnu gegn hugmyndafræði Trumps og ríkisstjórnar

Hefðbundna leiðin sem Þóra lýsir felur í sér virkt samstarf á milli minnihlutahópa og opinberra aðila, þess vegna tel ég hana vera meira „að ofan“ en óhefðbundna leiðin eða málstýring úr grasrótinni.

hans sem hugtakið „alternative facts“ grundvallast á.¹³ Eins og áður var minnst á var sköpun hugtaksins „alternative facts“ mjög úthugsuð tilraun til að hafa áhrif á hugsunarhátt fólks. Kellyanne Conway vildi ekki aðeins stýra tungumálinu heldur dauðhreinsa það með því að búa til orð sem feugar hugtak sem er í eðli sínu ljótt og skaðlegt. Það er merkingarleg fjarlægð á milli orðsins „alternative facts“ og þess sem það vísar til, þ.e., lyga og ósanninda. Jafnvel þeir sem eru hlyntir orðinu og hugmyndafræðinni að baki því geta ekki haldið því fram á sannfærandi hátt að um ótvíræðar staðreyndir sé að ræða. Þess vegna er það skiljanlegt að nýyrðið inniheldur orðið „facts“. Þetta gefur í skyn í fljótu bragði að um sannleika sé að ræða. Einn af Facebook-notendum sem lagði mikið af mörkum í umræðunni benti nánar á merkingu orðsins. Kellyanne Conway kaus þetta sérstaka orðfæri „[út af því] að hún heldur að það hefur jákvætt yfirbragð, fólk hefur annan valkost en hinn hefðbundna“ (Anna Theodóra Rögnvaldsdóttir 2017). Annar notandi hitti naglann á höfuðið með glöggri athugun: „Það hljómar eins og [orwellísk] tilraun til að grafa undan hlutlægum sannleik og reyna að stjórna sannleikanum á skjön við staðreyndir“ (Brynjar Smári Kristínar Hermannsson 2017).

Íslenska þýðingin er hins vegar þveröfug. Kellyanne Conway vildi fegra eitthvað ljótt, en íslenska þýðingun gerir það ljótt aftur með því að varpa ljósi á það sem „alternative facts“ reynir að fegra. Orðið *sannlíki* fullnægir mörgum skilyrðum sem ráða velgengni nýyrðis samkvæmt Idu Haugum, hvað bæði formið og inntakið varðar. Það er smellið, rammíslenskt (því það er myndað af íslenskum orðhlutum fremur en útlenskum tökuorðum, slanguryrði eða slettum), gegnsætt og á sér viðurkenndar fyrirmyndir sem vekja ákveðin hugrenningatengsl. *Smjörlíki* og *björlíki* til dæmis eru álíka gegnsæ orð sem myndast á sama hátt. Þau vísa til lélegar eftirlíkingar af smjöri og bjór, og merkinguna er auðvelt að greina út frá orðhlutum. Hægt væri að giska á merkingu *sannlíkis* án þess að vita fyrir fram hvers það vísar til. Margir sem tóku þátt í umræðum um það virtust vera meðvitaðir um þennan kost við orðið, eins og einn bendir á í rökfærslu sinni fyrir því að það sé besta tillagan: „[Jafnvel] þótt fyrri hluti orðsins vísi til sannleika (eða smjörs) þá tekur síðari hlutinn af allan vafa um að þarna er eitthvað allt annað á ferðinni. Eða ætlar einhver í alvöru að halda því fram að smjörlíki sé sama

¹³ Sú skoðun sem kemur hér í ljós er ef til vill ekki allsráðandi í samfélaginu öllu. Þeir sem tóku þátt í umræðunum um orð yfir „alternative facts“ eru ekki dæmigerður þverskurður af almenningi því að langflestir eru menntaðir og frjálsslyndir, sem endurspeglast í framlagi þeirra til umræðnanna.

eða svipuð vara og smjör?“ (Ragnheiður Sverrisdóttir 2017). Óhætt er að álykta út frá þessu og frá því hversu hratt orðinu hefur tekist að festa sig í sessi í daglegu máli að Íslendingar, að minnsta kosti þeir sem hafa áhuga á og taka afstöðu til málsins, eru andvígir hugmyndafræði sannlíkis. Að búa til nýtt orð með ljótt og neikvætt yfirbragð til að vísa til hugtaksins er eins og varnaraðgerð gegn því að fólk láti blekkja sig. Kellyanne Conway og ríkisstjórn Trumps hafa lagt gildru fyrir fólk, að það skyldi trúna því að ósannindi og lygar séu sannleikur. En málstýring af því tagi sem er beitt í íslenskum fjölmiðlum og félagsmiðlum er skilvirk leið til að forðast að falla í slíka gildru.

Jafnvel rökin sem eru færð á móti *sannlíki* sem besta kostinum staðfesta þetta pólitíska hugarfar. Sumir vildu sneiða algjörlega hjá því að búa til nýtt orð, því að þeim finnst nýtt orð samrýmast ætlun Trumps að tala um lygar undir rós. Það er viðeigandi að yfirfæra eftirfarandi rök, sem færð voru á móti orðinu *raunverulíki*, yfir á *sannlíki* en *raunverulíki* varð til um svipað leyti og á sama hátt og *sannlíki*, og var framan af í harðri samkeppni við *sannlíki*: „Það er hagur [trumpista] því það minnkar þau hughrif að þetta sé raunveruleg lygi. Með því að segja „raunverulíki“ er verið að samþykkja að þetta sé ekki alveg eins slæmt og lygi. Akkúrat það sem Trump vill“ (Hallgrímur Óskarsson 2017). Ástæðan fyrir því að yfirfæra rökfærslu á móti öðru orðinu yfir á hitt er að bæði orðin eru nákvæmlega eins hvað formið og merkingu varðar, og þau vöktu jafn mikla athygli áður en *sannlíki* ýtti *raunverulíki* til hliðar (þetta verður rætt ítarlega í 3.5.2). Þessi ummæli eiga einungis við merkingu og yfirbragð orðsins í stærra samhengi pólitískra kringumstæðna og viðhorfa almennings til þeirra. Að mínu mati kemur það ágætlega heim og saman við umræðu þessarar ritgerðar. Þótt sá sem skrifaði ummælin væri ekki sammála því að *raunverulíki* væri besti valkosturinn var hann samt sem áður sömu pólitísku skoðunar og þeir sem kusu orðið. Enn aðrir kusu heldur að þýða eins beint og hægt er úr enskunni, án þess að íslenska þýðingin fæli í sér neinn dóm um fyrirbærið sem orðið vísar til. Einn minntist á neikvæðan, jafnvel niðrandi merkingarblæ *sannlíkis*. Þótt *sannlíki* væri skemmtilegt orð væri það afar ólíklegt að þeir sem tala í alvöru um „alternative facts“ og álíta þess konar hugtök góðan og gildan valkost við sannleikann myndu nota orð sem „dregur úr ætluðum krafti þess“ (Breki Karlsson 2017). Hann stingur upp á orðréttu þýðingunum *hliðstæðar* eða *annarskonar staðreyndir* sem fanga anda hugtaks og orðs Kellyanne Conway í upprunalegri

merkingu. Annar sem kaus hráþýðingu ber „alternative facts“ saman við annað umdeilt fyrirbæri sem hefur sprottið úr sama pólitíska andrúmslofti, þ.e., „alt-right“ (ísl. *hitt hægrið*). Orðið *sannlíki* er, að mati þeirrar sem skrifaði ummælin, gegnsætt og neikvætt. „Originalinn“, skrifar hún, „er ógegnsær og jákvæður fremur en neikvæður. Rétt eins og *alt-right* hefur mun jákvæðara yfirbragð en *fasismi*“ (Anna Theodóra Rögnvaldsdóttir 2017). Áherslumunurinn á það hvort íslenska þýðingin snúist um form, yfirbragð eða trúnað við merkingu frasans í frummálinu felst ekki í neinum mismun á pólitískum viðhorfum, heldur um persónulegan smekk einstaklingsins. Það sést í því hvernig þátttakendur í umræðunum rökstyðja þá skoðun sína að hugmyndafræðin sé að langmestu leyti eins, sama hvort maður sé með eða á móti sérstökum valkosti.

3.5 Aðrar tillögur, kostir þeirra og gallar

3.5.1 Almennt um aðrar tillögur

Áður var minnst á orðið *raunverulíki*. Þetta er ein af samtals 27 tillögum sem bárust um netheima á sex daga tímabili í kjölfar viðtalsins við Kellyanne Conway. Af einhverri ástæðu hafa flest af þessum orðum lognast út af. Hér á eftir verður gerð grein fyrir nokkrum þeirra, auk tilgátta um hvers vegna þessar tillögur hafa ekki náð fótfestu. Umfjöllun um *raunverulíki* er viðamest þannig að eftirfarandi undirkafla er helgaður henni. Svo er vikið að hinum orðunum.

3.5.2 *Raunverulíki* og samkeppnin við hinn áþekka keppinaut *sannlíki*

Í 2.2 er lýst þrískiptu aðlögunarferli sem nýyrði fara í gegnum til að ná fótfestu og almennri viðurkenningu sem gild orð í málinu. Orð á fyrsta stigi talin vera augnabliksmyndanir ef fáar niðurstöður er að finna á leit í gagnagrunni eins og timarit.is (Haugum 2016:49).¹⁴ Áhugavert er að benda á að leit að *sannlíki* í timarit.is gefur nú niðurstöður úr tveimur dagblöðum á sautján ára tímabili á milli 2000 og 2017. Leit að *raunverulíki* gefur hins vegar aðeins eina niðurstöðu frá árinu 1998. Hvað umfjöllun mína varðar er *sannlíki* samt alveg nýtt nýyrði þrátt fyrir þessar niðurstöður, því það vísar fyrst og fremst til pólitískra umræðna líðandi stundar, og elstu dæmin voru

¹⁴ Jón Friðjónsson gengur lengra en Haugum og gerir greinarmun á augnabliksmyndunum og orðum sem hann kallar stakorð (Jón Friðjónsson 1988:149). Öll nýyrði byrja sem augnabliksmyndanir en geta endað sem stakorð ef þau breiðast aldrei út. Skilgreining Jóns á stakorði samsvarar skilgreiningu Haugum á augnabliksmyndun.

auðvitað ekki þýðingar á „alternative facts“. Auk þess er tíðni fyrri notkunar slitrótt og óveruleg. Að orðið *sannlíki* á sér fordæmi sem augnabliksmyndun en *raunverulíki* ekki (að undanskildu því einu tilviki frá 1998) gefur til kynna að eitthvert afgerandi einkenni sé til staðar hjá *sannlíki* sem *raunverulíki* vantar. Bæði orðin eru mynduð á sama hátt af íslenskum orðhlutum, bæði eru gegnsæ, auðskilin og smellin. Fyrri hluti samsetninganna vísar til þess sem er gefið í skyn, þ.e. *sannleikur/sannleiki* eða *raunveruleiki*, en viðskeytið *-líki* skilyrðir fyrri hlutann með því að dæma um fyrirbærið sem orðin lýsa. En ástæðurnar fyrir því að *raunverulíki* náði aldrei brautargengi eru aðallega þrjár. Í fyrsta lagi hljómar það of líkt *raunveruleiki* (Ketill Berg Magnússon 2017). Samræmi við hljóðskipunar- eða hljóðkerfisreglur tungumálsins er skilyrði fyrir samþykki nýyrðis sem Haugum nefnir sem sérstaklega mikilvægt (Haugum 2016:45). Líta má á þægindi framburðarins og atkvæðafjölda (styttra orð er þjálla) sem afbrigði eða undirflokkur þessa skilyrðis, þótt nokkuð lítilvægara sé. Nýja orðið brýtur ekki neinar hljóðskipunar- eða hljóðkerfisreglur væri auðvelt að taka *raunverulíki* í misgripum fyrir hin orðin í samfelldu tali, og þar með valda ruglingi og misskilningi. *Sannlíki* og *sannleiki* eru vissulega jafn lík orð, en það sem bjargar *sannlíki* úr þeim óþægilegu hljóðlíkindum sem leiða til þess að *raunverulíki* er ekki heppilegt er að orðið *sannleiki* er sjaldnast notað í nefnifalli. Þar er notað orðið *sannleikur*. Katrín Axelsdóttir bendir á að beygingarmyndir þessara orða virðist oft vera í fyllidreifingu (e. *complimentary distribution*), *sannleikur* sé notað í nefnifalli en í þolfalli sé orðið *sannleiki* tekið fram yfir (Katrín Axelsdóttir 2014:309). Þar sem *sannleiki* er sjaldan eða aldrei notað í nefnifalli og beygingarmyndir orðanna *sannleiki* og *sannlíki* eru ólíkar í aukaföllum er þá engin hætt á því að rugla orðunum saman. Í öðru lagi er það samkeppni við *sannlíki* sem reynist vera banahögg *raunverulíkis*. Rannsókn Idu Haugum á tíðni nýyrða í fjölmiðlum sýnir að leitarniðurstöður í stafrænum gagnagrunnum eru færri en væri annars vænst þegar tvö eða fleiri nýyrði um sama fyrirbæri keppast hvort við annað. Það er ekki óvænt að niðurstöður dreifist þegar fleiri eru notuð samhliða (Haugum 2016:71). *Sannlíki* og *raunverulíki* birtust í samfélagsmiðlum á sama tíma, *sannlíki* aðeins þremur dögum fyrr en *raunverulíki* (Hjálmar Gíslason 2017), þegar umræðurnar um þýðingu voru í fullum gangi. Af sama meidi er orðaparið *gervihnöttur* og *gervitungl*, sem Haugum tekur sem dæmi til að lýsa áhrifum samkeppni á afdrif tveggja samhliða nýyrða. Formfræðilega séð eru orðin alveg

eins. Sama forskeyti er bætt framan við rætur sem vísa til mjög líkra hluta. Bæði orðin urðu til um sama tíma, með aðeins tveggja ára millibili (*gervihnöttur* birtist í fyrsta skipti árið 1950 en *gervitungl* tveimur árum seinna). Eftir eitt ár fór tíðni orðsins *gervitungl* minnkandi. *Gervihnöttur* tók við og hefur verið í stöðugri notkun til dagsins í dag. (*Gervitungl* er ennþá að finna í orðabókum en er miklu sjaldgæfara.) Það tilheyrir flokki nýyrða sem Haugum kallar „veik nýyrði“, þ.e., orð sem hafa fest sig í sessi að takmarkaðra marki en samhliða valkosturinn en mega samt teljast sem samþykkt eða viðurkennd orð.) Þegar öllu er á botninn hvolft virðist hljóðfræði vera helsta ástæðan fyrir því að *gervihnöttur* en ekki *gervitungl* hafi farið með sigur af hólmi. Samhljóðaklasinn *-ngl-* er einfaldlega þunglamalegur (Haugum 2016:72). Í þriðju lagi skiptir lengd orðanna máli, sérstaklega hjá innlendum nýyrðum sem lenda oft í samkeppni við ensk tökuorð. Ensk tökuorð eru að jafnaði styttri en íslensk orð, þannig að það er mikið forskot fyrir innlent orð að vera eins stutt og gagnort og hægt er (Haugum 2016:46). Þegar um tvo kosti er að velja er því væntanlegt að hinn styttri verði tekinn fram yfir hinn lengri, jafnvel þegar báðir kostir eru innlendir. *Sannlíki* er ekki aðeins styttra en *raunverulíki* heldur hefur það einnig sömu uppbyggingu og fyrirmyndarorðin *smjörlíki* og *bjórlíki*, þ.e. eins atkvæðis stofn á undan *-líki*. Þótt uppbygging *raunverulíkis* sé að vísu mjög svipuð skiptir lítil munur máli, því að þá tengir fólk orðið betur við fyrirmyndirnar. Styrk tengsl við fyrirmyndir hafa í för með sér að fólk beri ítrekað kennsl á nýyrðið þegar það rekst á það. Þetta á mikinn þátt í því að orðið nær víðari útbreiðslu innan málsamfélagsins (sjá 2.2). Fólki hættir til að velja það orð sem veldur minnstum erfiðleikum í framburði og tengist mest þekkta umhverfinu. Þetta útskýrir hvers vegna styttra og skýrara orðið *sannlíki* var tekið fram yfir hliðstæða valkostinn *raunverulíki*. Orðin eru sambærileg að miklu leyti nema að hið síðara er óþjálmt og aðeins of líkt því sem byggt er á.

3.5.3 Aðrar tillögur

Nú verður vikið að nokkrum öðrum tillögum sem komu til umræðu með misjöfnum árangri. Þetta er alls ekki tæmandi listi heldur breitt úrtak af orðum sem sýnir fjölbreytni atriða sem ráða ferð nýyrðis inn í málið. Þessi atriði vege misþungt um hvort eitthvert nýyrði nær fótfestu í málinu eða ekki (Haugum 2016:45) en þau virðast samt hafa áhrif á viðtökur og viðbrögð fólks við orðunum. Almenna tilhneigingin sem kemur í ljós í

Þessu úrtaki er sú að þau atriði sem koma mest við íslenskar þýðingar á „alternative facts“ eru: lengd orðs og teygjanleiki þess (þ.e. að hverju leyti orðið sé bundið hugtakinu sem það vísar til) og hvort það sé smellið.

Allra fyrsta umtalið um fyrirbærið „alternative facts“ í íslenskum fjölmiðlum birtist á heimasíðu RÚV á sama degi og viðtalið við Kellyanne Conway var tekið í Bandaríkjunum (sjá 3.2). Fyrirsögnin nefnir „annan sannleika“ en þessi beina og hlutlaus þýðing náði aldrei fótfestu. Gera má ráð fyrir því að þeir sem báru ábyrgð á því að kynna fyrir þjóðinni nýtt hugtak sem átti eftir að verða mjög umdeilt vildu forðast að láta uppi skoðun með því að búa til gildishlaðið orð áður en almenningur hafi fengið tækifæri til að láta í sér heyra. Aðrar tillögur af svipuðu tagi sem stungu upp kollinum eru *annarskonar sannleikur*, *aðrar staðreyndir* og *hliðstæðar staðreyndir*. Þessar þýðingar eru frekar hlutlausar miðað við þau orð sem hafa náð lengra í umræðunni. En hlutleysi í þágu blaðamannasiðferðis eða trúnaðar við enska frasann er ekki endilega nýyrðum í hag. Þessar þýðingar vantar nokkra afgerandi þætti sem eru til staðar í þeim orðum sem hafa notið mestra vinsælda. Þau hafa til dæmis engar hliðstæður eða fyrirmyndir í málinu, hvorki merkingarfræðilegar né formfræðilegar. Þótt beinu þýðingarnar sem um er að ræða séu ekki beinlínis torskildar í eðli sínu vantar þær samt eitthvað í málsamfélaginu sem fólk getur tengt þær við til þess að vekja ákveðin hugrenningatengsl og þar með veita þeim aukin blæbrigði og samhengi. Sterk tengsl á milli orðs og ytri heims skipta sköpum fyrir örlög nýyrðis, og er skilyrði fyrir því að orð komist á næsta aðlögunarstig. Veikari tengsl draga úr líkunum á því að orði takist að festast í málinu. Lengd beinna þýðinga er þeim einnig í óhag. Orðið *hliðarstaðreyndir*, styttri samþjöppun á beinu tveggja orða þýðingunum sem eru alveg eins hvað merkinguna varðar, var líka lagt til en þótti of þunglamalegt til að komast áfram (Þorvaldur Sverrisson 2017).

Valkosturinn *valkvæðar staðreyndir* er áhugaverð undantekning frá mynstrinu. Hann er langur og jafnvel þunglamalegur, ekki sérstaklega smellinn og á sér engar hliðstæður í málinu. En þrátt fyrir það hefur hann náð að breiðast út frá upprunalega samhenginu sem hann fyrst var notaður í. Frasinn er alveg nýr af nálinni ef marka má leit í timarit.is, sem gefur engar niðurstöður. Hann birtist í umræðunni sem sagt er frá í 3.2 um „alternative facts“ en yfirborðsleg Google-leit sýnir að hann hafi verið notaður í ýmsu samhengi síðan þá. Langflestar niðurstöður eru í samræmi við þröngt

merkingarsvið orðsins, þ.e. sem bein íslensk þýðing á „alternative facts“ í orðræðu Kellyanne Conway. Fyrsti ritstýrði íslenski fjölmiðillinn til að nefna *valkvæðar staðreyndir* var hlaðvarpið Vikan í umsjón vefblaðsins *Kjarnans* sem notaði frasann í tengslum við eitthvert atvik í íslenskum fjármálum sem kom bandarískum stjórnámálum eða fjölmiðlum alls ekki við (Þórður Snær Júlíusson og Þórunn Elísabet Bogadóttir 2017). Hugtakið sem frasinn lýsir er það sama (þ.e. vafasöm staðfesting sem er dreift í blekkingarskyni), en merkingarsviðið hefur víkkað þannig út að það er ekki lengur bundið Trump-samhenginu. Orð telst vera teygjanlegt ef hægt er að nota það í víðara og fjölbreyttara samhengi en því sem það hefur sprottið upp úr, en teygjanleiki er mikilvægt einkenni vel heppnaðra nýyrða því hann er hluti þess að þau ná til eins margra í samfélaginu og hægt er (Haugum 2016:47).

Orðin *taðreyndir* og *skaðreyndir* eru á hinn bóginn algjörlega óteygjanleg. Þessi orð eru að vísu smellin og þokkalega stutt eins og *sannlíki* og *raunverulíki*, en þau eru ef til vill of nátengd kringumstæðum og viðhorfum nokkurra einstaklinga til þeirra til að ná nokkurn tímann víðri útbreiðslu. Þetta hendir oft slanguryrði, sem orðin *taðreyndir* og *skaðreyndir* eiga margt sameiginlegt með. Óteygjanleiki má líta á sem einhvers konar „yfireinkenni“ slangurs. Mörður Árnason, Svavar Sigmundsson og Örnólfur Thorsson greina frá nokkrum öðrum megineinkennum slangurs í formála slangurorðabókar sinnar, þar á meðal „beinni tilfinningalegri skírskotun“, „kraftmiklu og myndauðugu líkingamáli“ og „ýkjum og gamansemi“ (Mörður Árnason, Svavar Sigmundsson og Örnólfur Thorsson 1982:vii-viii). Þessi atriði skarast að mismiklu leyti en samspil þeirra hefur í för með sér að orð sem einkennast af þeim „[njóta] ekki viðurkenningar sem „gott“ mál“. Samkvæmt þessari skilgreiningu er meiri áhersla lögð á tengsl orðs við tiltekna hópa en er á ferðinni í þessu tilviki en meginatriðin eru þau sömu. Í stað þess að vera bundin hópi eru *taðreyndir* og *skaðreyndir* bundin tilteknu álit og yfirbragði sem gerir þetta álit að verkum. Það er alveg ótvírætt að sá sem stakk upp á *taðreyndum* hafi kveðið upp áfellisdom yfir hugtakinu „alternative facts“. Hann vísar meira að segja í enska orðið „bullshit“ sem nýyrðinu er ætlað að draga dóm af (Eiríkur Stephensen 2017). „Bullshit“ er auðvitað grófyrði (þótt nokkuð vægt sé) og frekar beinskeytt. Því er áætluð merking *taðreynda* afdráttarlaus. Bein tilfinningaleg skírskotun af þessu tagi helst í hendur við líkingamál: tali maður um að eitthvað sé „tað“ er enginn vafi á því hvað manni finnst um það sem um er að ræða. Það þætti varla

tækt að fjalla um *taðreyndir* (eða „bullshit”) í alvarlegri pólitískri umræðu. Það sama á við *skaðreyndir*, þótt það sé aðeins léttara en líking við skít. Orðið *skaðreyndir* „dæmir meira um að reyndin sé skaðleg“ (Valgeir Skagfjörð 2017). Það væri í grundvallaratriðum það sama að nota *taðreyndir* eða *skaðreyndir* og að halda sig við orðið „lygi“ eða „ósannindi“. Það þýðir ekki að *sannlíki* og *raunverulíki* feli ekki í sér mjög hvassa gagnrýni á fyrirbærið – öðru nær. En munurinn er sá að *taðreyndir* og *skaðreyndir* einkennast of mikið af „ýkjum og gamansemi“. Þau ganga of langt í orðaleik á kostnað aukamerkingar og blæbrigða sem einkenna hina valkostina sem njóta velgengni í málinu.

4. Framtíð *sannlíkis*

4.1 Inngangur

Það á eftir að svara þeirri spurningu hvað verður um *sannlíki* til lengdar, eftir að hafa haldið innreið sína í málið. Tæplega sólarhringur var liðinn af umræðunni um nýyrði yfir „alternative facts“ þegar fyrstu spárnar um að *sannlíki* yrði valið Orð ársins 2017 fóru að berast um samfélagsmiðla. Ritgerðinni verður lokið með því að horfa til framtíðar; munu spárnar um sigur *sannlíkis* sem orð ársins rætast? Mun orðið endast á komandi árum og hvað ræður örlögum þess? Áður en farið er út í slíkar bollaleggingar verður sagt í stuttu máli frá sögu keppinnar Orðs ársins, hvernig orðið er valið og í hvaða tilgangi.

4.2 Almenn um keppnina Orð ársins

Í upphafi janúar 2017, áður en „alternative facts“ og *sannlíki* birtust á heimssviðinu, birti Guðni Tómasson afar tímabæra grein í *Fréttatímanum* um áberandi orð sem hafði verið á allra vörum á árinu sem var að líða. Umfjöllunin sem fylgdi skoðaði þessi orð út frá sjónarmiði breytinga á kerfum samfélagsins sem orðin endurspegla. Guðni ræðir þau þýðingarmiklu áhrif sem samspil atburða líðandi stundar og viðhorfa almennings til þeirra hafa á orðaforðann sem fólk notar og býr til til þess að tjá sig um og fást við nýjustu fréttir og líðandi kringumstæður. Öll orðin í greininni voru í kjöri á Orði ársins 2016, sem var valið í annað skipti um áramótin 2016-2017. Ég hafði samband við Ágústu Þorbergsdóttur, málfræðing á málræktarsviði Stofnunar Árna Magnússonar, til þess að varpa frekara ljósi á keppnina um orð ársins.

Keppnin er nýjung í íslenskum fjölmiðlum, hún var fyrst haldin 2015. Hún byggist á fyrirmynd í nágrannalöndum, þar sem sambærilegt val á mest áberandi orði fer fram árlega (í Noregi síðan 2008, í Danmörku síðan 1955, og í Svíþjóð síðan 2000). Hugmyndin á bak við keppnina er „að draga fram þau orð sem mest hafa einkennt þjóðfélagsumræðu á árinu“ (Ágústa Þorbergsdóttir 2017). Markmiðið er það sama um öll Norðurlönd, en á Íslandi sem og í Noregi gilda örfá skilyrði um hvernig orðin á listanum eiga að vera. Í Danmörku og Svíþjóð geta orð ársins verið tökuorð en hér á landi og í Noregi er lögð sérstök áhersla á að orðin falli að innlendu málkerfi; á Íslandi verða þau að beygjast samkvæmt íslenskum beygingarreglum og mega ekki stangast á við réttitun og íslenskan framburð. Orðin eru gjarnan nýyrði eða nýmerkingar, þ.e. orð sem eru nú þegar til í málinu en fá nýja merkingu. Fegurð og jákvæðni skipta engu máli svo framarlega sem orðið beinist ekki að einstaklingum eða tilteknum hópum í hæðnisskyni eða til að gera lítið úr þeim. Nýstárleg orðmyndun getur einnig fengið orði sæti á listanum en aðalatriði er að orð séu „áberandi á árinu eða [endurspegli] samfélagið á einn eða annan hátt“ (Ágústa Þorbergsdóttir 2017).

RÚV, Mímir, félag stúdenta í íslenskum fræðum og Stofnun Árna Magnússonar hafa umsjón með keppninni og safna orðunum sem um verður að velja. Stuðst er við máltækni til að draga fram þau orð sem mest voru notuð í fjölmiðlum, þar á meðal af bloggsíðum einstaklinga og opnum samfélagsmiðlum. Svo er listi útbúinn og settur á vef RÚV þar sem almenningur kys orðið sem honum finnst fanga anda þjóðfélagsumræðna ársins. Könnunin er einföld og ekki „fagleg rannsókn“ því að aðferðirnar eru óvísindalegar, þó að sögn Ágústu standi til að breyta því þegar stóra málheildin verður aðgengileg.

Þátttaka í keppninni hefur aukist um 33,2% á milli árána 2015 og 2016.¹⁵ Árið 2016 kusu langflestir kjósendur sigurvegarann, orðið *hrútskýring* (e. *mansplaining*), sem lýsir því þegar karlmaður útskýrir eitthvað fyrir konu á yfirlætislegan hátt, jafnvel þótt hann sjálfur viti ef til vill ekkert um efnið. Orðið er reyndar ekki alveg nýtt af nálinni enda smíðaði Hallgrímur Helgason það árið 2011, en það hefur verið í hámmæli upp á síðkastið vegna tíðrar umfjöllunar um jafnréttismál af ýmsum toga (annað orð á listanum sem tengist jafnrétti er *kynsegin*, eða *gender-queer* á ensku, sem er notað um fólk sem hvorki vill flokka sig sem karl eða konu). Jákvæðari eða annars léttari orð sem

¹⁵ Árið 2015 voru samtals 2.558 atvæði greidd en 3.398 árið 2016.

hafa keppt um Orð ársins titil eru *hú!* og *víkingaklapp*, séríslenskar nýjungar sem eiga rætur að rekja til fótboltaæðis sumarsins 2016. Sigurvegarinn í hitteðfyrri var *fössari*, slanguryrði yfir föstudag sem náði aldrei fótfestu. Flest orðin í fyrstu keppninni tengdust ákveðnum lífsstíls- og tískufyrirbærum, þar á meðal *rafretta* (e. *e-cigarette* eða *electronic cigarette*), *grænkeri* en það er íslenskun á *vegan*, og *núvitund* (e. *mindfulness*). Úrval orða sem komast á listann sýnir margbreytni efnis sem Íslendingum þykir mikilvægt að geta tjáð sig um á sínu eigin tungumáli, og hvers konar fyrirbæri hafa áhrif á það hvernig tungumálið mótast.

4.3 Orð ársins 2017?

4.3.1 Viðurkenning á skyldum orðaforða í öðrum löndum

Viðbúið er að alvarlegir atburðir verði meira áberandi í þjóðfélagsumræðunni – óháð því um hvaða þjóð sé að ræða – en lítilvægar tiskudellur. Árið 2016 voru til dæmis þrjú orð á listanum yfir tilvonandi orð ársins á Íslandi sem tengjast svokölluðu Panamaskjalamáli, *Panamaskjölin*, *aflandsfélag* og *skattaskjól* (Ágústa Þorbergsdóttir 2017).¹⁶ Þess vegna kemur engan veginn á óvart að því hefur verið spáð að *sannlíki* verði valið orð ársins 2017. Til eru margar sannfærandi ástæður fyrir því að halda þessu fram en sú helsta er að önnur orð sem lýsa hinu flókna pólitíska andrúmslofti nútímans hafa hlotið viðurkenningu í öðrum löndum undangengið ár.

Sambærilegar umræður annars staðar á Norðurlöndum, einkum í Noregi, og í öðrum vestrænum löndum einkennast af skyldum orðaforða sem vísa til annarra hliða núverandi pólitískrar hugmyndafræði. *Sannlíki* er aðeins eitt stakt dæmi úr vaxandi safni orða í ýmsum tungumálum sem koma fram í þessu samhengi. Orðin *faktaresistens* (það ástand að vera ómóttækilegur fyrir staðreyndum), *postfaktuel* (ísl. *eftirsannleikur*, e. *post-truth*, sem verður til umfjöllunar hér á eftir) og *ekkokammer* (ísl. *bergmálshellir*, e. *echo chamber*, frekar nýtt orð sem lýsir því þegar ákveðnar skoðanir og upplýsingar eru endurteknar, einkum í samfélagsmiðlum, og þar með styrktar og staðfestar án tillits til annarra hliða umræðunnar) voru tilnefnd til orðs ársins í Danmörku (*Dansk Sprognævn* 2016). *Brexit*, *trumpisme* og *postfaktuell* (ísl. *eftirsannleikur*, e. *post-factual* eða *post-*

¹⁶ Panamaskjölin eru gögn sem var lekið frá lögfræðistofunni Mossack Fonseca í apríl 2016. Upplýsingar um fjárhagsmuni margra fyrirtækja og einstaklinga, þ.á.m. þáverandi forsætisráðherra Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar og fjármálaráðherra Bjarna Benediktssonar komu í ljós í lekanum. Litið var á málið sem mikil svik við trúnað þjóðarinnar. Í kjölfar þess voru fjölmenn mótmæli sem leiddu til þess að forsætisráðherrann og aðrir þingmenn sem tengdust Panamaskjölunum sögðu af sér (*Wikipedia* 2017).

truth, sem verður til umfjöllunar hér á eftir) voru meðal tilnefninga bæði í Noregi og Danmörku þótt ekkert þessara orða yrði sigurvegarinn í viðkomandi landi (*Språkrådet* 2016). Frasin *alternative fakta*, sem er bein þýðing úr ensku, hafði verið tekinn upp af nánast öllum dagblöðum og vefmiðlum Noregs fáeinum dögum eftir að Kellyanne Conway nefndi hugtakið í Bandaríkjunum. *Alternative fakta* fékk meira að segja viðurkenningu frá norsku málnefndinni fjórum dögum eftir fyrstu notkun vestanhafs (*Wikipedia* 2017). Tveir norskir stjórnámamenn hafa verið sakaðir um að miðla *alternative fakta*, og norskri blaðamaðurinn Torbjørn Røe Isaksen birti grein í fréttablaðinu *Morgenbladet* þar sem hann tengir hugtakið við *post-sannhet* (ísl. *eftirsannleikur*) og *falske nyheter* (ísl. *falsfréttir*, sjá 3.2) (Isaksen 2017). Grein Isaksens birtist tveimur dögum áður en greinin í *Morgunblaðinu*, þar sem greint er frá hinum sömu þremur hugtökum og innbyrðis tengslum þeirra (sjá umfjöllun um greinina í 3.2). Það að umræðan í Noregi og á Íslandi virðist vera í takt hvor við aðra bendir til einhvers konar sameiningar innan hugmyndaheima í þessum löndum, og þróun orðaforðans í sömu átt undirstrikar þessa ályktun.

Sérstaklega athyglisvert er að *post-truth* var valið orð ársins 2016 af Oxford-orðabókinni, sem oft er talin vera hið æðsta heimildarit enskrar tungu. Sagt er frá vali Oxford í grein eftir ónefndan höfund sem birtist 1. desember 2016 í íslenska vefblaðinu *DV*. *Post-truth* (en ég nota íslenska orðið *eftirsannleikur* hér í framhaldinu) er skilgreint í Oxford-orðabókinni sem „[það ástand] þegar hlutlægar staðreyndir skipta minna máli í mótun almenningsálitsins heldur en það sem höfðar til tilfinninga og skoðana“ (*DV* 2016). Forskeytið *eftir-* á við tímabil þegar „tiltekið hugtak er hætt að vera ríkjandi eða veigamikil“ og má sjá í ýmislegum öðrum orðum sem rúmast ekki innan þessarar ritgerðar. Það tiltekna hugtak sem um er að ræða í þessu tilviki er nefnilega sannleikurinn, og helsta einkenni tímabils *eftirsannleiksins* er að „önnur atriði en hvort staðhæfingar séu sannar skipta meira máli“. Líta má á *eftirsannleik* sem regnhlífarhugtak sem nær yfir ýmsa þætti núverandi pólitískrar afstæðishyggju, þar á meðal *sannlíki* og *falsfréttir* (orðið *gervifréttir*). *Brexit* og *trumpisme* eru beinar afleiðingar þess að *eftirsannleikur* sé orðin að ríkjandi (þótt ekki beinlínis formlega viðurkenndri) stefnu í alþjóðlegum stjórnámálum. Þrátt fyrir minnkandi gildi sannleiksins í orðræðu stjórnámamanna er samt sú tilfinning meðal almennings um að stjórnámamenn hafi önnur markmið og hagsmuni í huga. Sú meðvitund – meðvitund

um þörf á málstýringu - á þátt í því að orðaforði eftirsannleiksins hefur komist í hárnæli víða um heim. Orðið *sannlíki* átti enn eftir að vera notað til að vísa til sérstaks fyrirbæris innan þessa pólitíska samhengis þegar val á orði ársins fór fram á Íslandi um áramótin. Þótt orðið hefði þegar verið búið til og notað stöku sinnum áður sem augnabliksmyndun vantaði einhvern hvata til að beina merkingu þess að skýru tákni. ¹⁷ Þetta gerðist þegar Kellanny Conway nefndi „alternative truth“. Í ljósi þess og viðurkenningar á sameiginlegum orðaforða á æ hærra stigi í löndum þar sem talað er um þessi fyrirbæri á sama hátt og á Íslandi eru góðar líkur á því að *sannlíki* verði næsta íslenska orð ársins.

4.3.2 Önnur rök fyrir spá um sigur *sannlíkis*

Önnur smærri atriði sem auka líkur á sigri *sannlíkis* sem orðs ársins eru hlutverk netsins og minnkandi samkeppni frá öðrum nýyrðum yfir sama hugtak. Hröð samræming og útbreiðsla orða eins og *sannlíki*, sem mætti kallast „orðaforði eftirsannleiksins“, og jafnvel sú tilfinning meðal almennings að ekki sé allt með felldu í stjórnmálaheiminum er að miklum hluta afleiðing þess að fólk er tengt við netið. Orð eins og *sannlíki* eru upprunnin á netinu og lýsa fyrirbærum og hugtökum sem fólk verður vart við á netinu. Tafarlaus og milliliðalaus dreifing upplýsinga um netið gerir ópruttum aðilum kleift að miðla fölskum fréttum og sannlíki. Opinn og ótakmarkaður aðgangur að því krefst þess að fólk skilji sannar fréttir frá fölskum og sannleik frá sannlíki. Hringrás fer í gang þar sem rætt er á netinu með orðum sem eru búin til á netinu, um fyrirbæri sem eiga uppruna sinn að hluta til á netinu. Þeir sem hafa umsjón með keppninni um orð ársins leita til netsins til að safna saman þeim orðum sem um verður að velja, og valið er á vefsíðu RÚV. Það er því eðlilegt að *sannlíki* komi óvenjulega oft fram á slíkum frumlista, því að orð sem tilheyra orðaforða eftirsannleiksins er að finna í meira mæli á

¹⁷ Í bókinni *Þráðum valdsins* notar Jóhann Hauksson orðið *sannlíki* sem íslenska þýðingu á enska hugtakinu „truthiness“, sem er búið til af bandaríska grínaranum Stephen Colbert. Colbert notaði orðið í fyrsta skipti 17. október 2005 í sjónvarpsþættinum sínum, og gæti talist vera upphaf tímabils *eftirsannleiks* þegar litið er á stærri mynd pólitíkur 21. aldarinnar til þessa. Hann átti við það þegar stjórnmálaumræður höfðu meira til tilfinninga en staðfesta staðreynda eða sannleiks (*Wikipedia* 2017). Jóhann skilgreinir *sannlíki* hins vegar sem „orð sem eru dulbúin eða líta út fyrir að vera sannleikur“ (Jóhann Hauksson 2011:106). Skilgreining Colberts á „truthiness“ minnir á *eftirsannleik* skv. Oxford-orðabókinni. Þýðing Jóhanns á meira sameiginlegt með *sannlíki* í núverandi skilningi, þ.e. sem ósannindi sem eru sögð af ásettu ráðu eða í tilteknum tilgangi. Það er áhugavert að íhuga þennan merkingarmun með tilliti til hugsanlegra breytinga á ástandi stjórnmála og/eða almenningsáliti á stjórnmálum sem hafa orðið á árunum milli 2005 þegar Colbert bjó til enska orðið og 2011 þegar Jóhann þýddi það á íslensku.

netinu en ef leitað væri annars staðar. Þátttakendur í könnuninni eru sjálfir nettengdir, sem þýðir að þeir eru mun líklegri en aðrir til að þekkja orðið og nota það sjálfir.

Sannlíki græðir líka á minnkandi samkeppni frá hinum tillögnum sem sagt var frá áður. Jafnvel helsti keppinauturinn, *raunverulíki*, virðist vera hættur að sjást. Google-leit að *raunverulíki* um miðjan apríl gefur bara tvær niðurstöður (niðurstaðan úr timarit.is frá 1998 er ekki talin með enda er *raunverulíki* í þessu samhengi ekki þýðing á „alternative facts“). *Sannlíki* má hins vegar enn þá finna í alls konar athugasemdakerfum, netmiðlum og prentmiðlum. Það gerist reyndar stundum að eitthvert nýyrði sem hefur dregist aftur úr í samkeppni við önnur sækir í sig veðrið og endar á því að njóta mests samþykkis, og orðið sem stóð betur að vígi framan af verður að veiku nýyrði eða hafnar á einhverju fyrra stigi aðlögunarferlis. Slíkt tekur þó að jafnaði nokkur ár og því er ólíklegt að það verðu raunin um *raunverulíki* áður en árið er á enda. Einnig er mjög afhjúpanði að Facebook-notendur spáðu því að *sannlíki*, en ekki *raunverulíki* eða önnur af hinum tillögnum, yrði orð ársins. Þeir sem stungu upp á nýyrðum og lögðu sitt af mörkum til umræðunnar í upphafi ársins verða meðal þeirra sem kjósa orð ársins að ári loknu. Að þessu leyti getur spáin um sigur *sannlíkis* verið sjálfgefin spá.

4.4 Möguleikarnir á því að *sannlíki* lifi af

4.4.1 Góðar horfur

Framtíðarhorfur *sannlíkis* líta afar vel út, ef marka má snögga innreið orðsins í málið og þróun þess hingað til. En framhaldslíf orða er auðvitað háð fleiru en þeim innri árangursþáttum, s.s. uppbyggingu og þekktum fyrirmyndum, sem stuðla að velgengni nýyrða. Jafnvel almenningsálitið gagnvart tákni miði orðsins nægir ekki til að tryggja orði langvarandi sess í málinu. Þrátt fyrir að orð haldi áfram að njóta mikillar velgengni og sé enn í víðri notkun í umræðunni getur það aðeins lifað áfram ef fyrirbærið í ytri heiminum sem það vísar til hverfur ekki. Ef tákni miðið hverfur þá deyr orðið smám saman út. Framtíð *sannlíkis* veltur því mest á bandarískum stjórnmálum. Spurningin er sú hvort Trump og lið hans ætli að halda „rökum“ sem *sannlíki* byggist á til streitu eða beina orðræðu sinni í annan farveg, eða jafnvel gefast upp algjörlega. Það er auðvitað ekki hægt að segja fyrir um slíkt og það þýðir ekkert að velta vöngum yfir ósvaranlegum spurningum. Í öllu falli verður orðið að hafa hlotið víðari merkingu þegar

kemur að því að tími Trumps líði undir lok. Sé merkingin of bundin ósannindum Trumps verður hún of þröng til að endast. Ef gert er ráð fyrir því að spáin rætist og *sannlíki* verði orð ársins getur tvennt gerst sem hefur áhrif á framtíð þess: annaðhvort ýtir aukin athygli á orðinu undir frekari þróun þess og útbreiðslu, eða staða þess sem orð ársins verður því að bana. Fyrri möguleikinn er mun líklegri og verðskuldar nánari athugun með hliðsjón af merkingarfræðilega hugtakinu merkingarútvíkkun.

Merkingarútvíkkun er sérstök tegund merkingarbreytinga þar sem umtak orðs vex, þ.e. „táknid tekur að vísa til meira af þekkingarheiminum en áður“ (Árni Böðvarsson 1977:66). Slíkt gerist þegar einhver merkingarþáttur orðs fellur brott. Í þessu tilviki eru tengslin við Trump sá merkingarþáttur sem fellur brott. Þess konar breyting er óhjákvæmileg vegna þess að kjörtímabil forsetans er takmarkað. Tengslin munu veiklast eftir því sem lengra líður frá því að Trump lætur af forsetaembættinu. Þetta hefur nú þegar gerst að meira eða minna leyti enda þýðir *sannlíki* ekki endilega „ósannindi Trumps“ heldur frekar „ósannindi stjórnmalamanna“ eða jafnvel „blekking fréttamiðla“. Íslenska orðið er samt ennþá skilið sem þýðing á ensku orði/bandarísku hugtaki og notað fyrst og fremst í því samhengi. Jafnvel þegar *sannlíki* er notað í útvíkkaðri merkingu verður nánast alltaf vísað í upprunalega frasann á ensku, ástandið í Bandaríkjunum sem orðið er sprottið úr, eða hvort tveggja. Í greininni í *Kjarnanum* sem minnst er á í 3.5.3 er til dæmis notuð eldri útgáfa af íslensku þýðingunni, og í norsku greininni sem sagt er frá í 4.2.2 er notað innlent orð í innlendri umræðu. Í báðum tilfellum gengur umfjöllun út frá forsendum merkingar „alternative facts“. Mjög sennilegt er að tengsl *sannlíkis* við Trump og ef til vill stjórnmal yfirhöfuð breytist eða hverfi með tímanum, svo að *sannlíki* fari smátt og smátt að merkja eitthvað á borð við það sem kallast „hálf-sannleikur“ í almennum skilningi. Aukin athygli sem orðið örugglega fær ef það verður valið orð ársins getur vissulega orsakað eða að minnsta kosti aukið hraðann á merkingarútvíkkun, sem eykur líkur á langvarandi velgengni *sannlíkis*.

4.4.2 Mögulegar hindranir á útbreiðslu *sannlíkis*

Merkingarbreyting getur hins vegar haft í för með sér þveröfuga þróun.

Merkingarútvíkkun sem er þannig að merkingarsvið *sannlíkis* færast nærri

merkingarsviði *hálf-sannleiks* getur í raun hindrað frekari útbreiðslu *sannlíkis* og dregið

úr líkum á því að orðið nái langvarandi fótfestu. Þegar tvö nýyrði keppa hvort við annað er algengt og eðlilegt að annað sigri (sjá umfjöllun í 3.5.2). Það sama gerist þegar nýtt orð yfir gamalt fyrirbæri, þ.e. nýtt samheiti við gott og gilt orð, ratar inn í málið. Nýja orðið rekst á hið gamla og það leiðir oft til þess að öðru orðanna – líklega hinu yngra – er stofnað í hættu. Ida Haugum rannsakaði nokkur orðapör af þessari gerð en tvö samsvara tilgátunni um *sannlíki* og *hálf sannleik*, hér sýnd í (2) og (3):

(2) a. samræming

b. stöðlun

(3) a. dýptarmælir

b. fisksjá

Í báðum pörum eru a-dæmin eldri en b-dæmin yngri. Í hvorugu þarinu tókst yngra orðinu að færa hið eldra úr skorðum. Í pari (2) hafði eldra orðið verið í stöðugt vaxandi notkun í prentmiðlum í 49 ár skv. niðurstöðum úr timarit.is þegar yngra orðið var fyrst notað. Þetta bendir til þess að eldra orðið hefði nú þegar náð góðri fótfestu og hlotið almenna viðurkenningu þegar yngri valkosturinn komst í málið (Haugum 2016:79). Bilið á milli (3a) og (3b) er álíka langt (34 ár), en þar að auki er hárfinn merkingarmunur á orðunum sem gæti átt þátt í því að (3a) náði fótfestu en (3b) ekki. Áhersla er lögð á mismunandi starfsemi hlutarins sem orðin lýsa: (3a) er tæki til að mæla dýpt en (3b) er tæki til að sjá fisk, þótt í rauninni sé átt við eitt og sama tækið (Haugum 2016:81). Ekki er um að ræða merkingarbreytingu sem slíka í þessu tilviki heldur breytingu í tækni sem kallar á endurskilgreiningu á hlut sem orð vísar til. En það er samt ekki ólíkt því sem um er að ræða í sambandi við *sannlíki* og *hálf sannleik*. Svo að *sannlíki* geti staðist samkeppni við *hálf sannleik* þyrfti orðið að þróa með sér annan geðblæ eða vísa til einhvers annars. Vafasamt er að merking *sannlíkis* breytist aftur svona fljótlega eftir að orðið verður til, sérstaklega vegna þess að aukamerkingar og hugrenningatengslin sem það vekur gegna svo mikilvægu hlutverki. Einnig er vafasamt að gamalt og rótfast orð bugist í samkeppni við nýyrði, sama hversu mikilla vinsælda nýyrðið nýtur í augnablikinu. Mun líklega er að *sannlíki* annaðhvort haldi pólitískum blæbrigðamunum eða deyi út.

Fössari, slanguryrði yfir „föstudag“, er dæmi um nýyrði sem „hægt [var] að drepa“ með því að vera valið orð ársins (Bragi Valdimar Skúlason og Brynja Þorgeirsdóttir 2016). Orðið var sigurvegarinn í fyrstu keppninni árið 2015 en datt úr tísku um leið og það hafði sigrað. Það er alveg hugsanlegt að *fössari* hafi „drepist“ því að það er óþarft; ekkert merkingargat, eins og sagt er frá í 3.3, er til í málinu fyrir orðið *fössari* að fylla upp í. Orðið *föstudagur* hefur verið rótfast í málinu frá kristnitöku, og táknmiðið sjálf hefur ekki breyst; föstudagur er enn föstudagur, þótt *fössari* feli í sér „gleði og spennu“ sem venjulega orðið vantar. Gera má ráð fyrir því að langflestum málnotendum sé sama um þennan lítilvæga merkingarmun, að litlum hópi unglunga undanskildum. Líklegra er þó að *fössari* hafi hætt að þykja „töff“ þegar það fékk viðurkenningu meginstraumsins.

4.4.3 Ályktanir

Sannlíki er ólíkt *fössara* enda ekki slanguryrði heldur þýðingarmikið nýyrði sem lýsir veigamiklu fyrirbæri og er víða notað í alvarlegri umræðu. Það tilheyrir flóknu og vaxandi safni nýyrða sem lýsa gjörbreyttu pólitísku ástandi sem á eftir að breytast meira. Þess vegna er afar hæpið að hugsa sér að hugsanleg staða þess sem orð ársins verði banahögg *sannlíkis*. Álíka hæpið er að hugsa sér, að minnsta kosti í bili, að merking orðsins víkki svo mikið að það missi pólitískt yfirbragð sitt og jaðri við merkingarsvið annars eldra orðs. Samanburður við *hálf sannleik* er byggður á fræðilegri tilgátu og örlög *fössara* eiga sér skiljanlega samfélagslega skýringu. En lítið fordæmi er til til að byggja sannfærandi framtíðarspá á; aðeins tvö orð ársins hafa verið valin, annað lífir (a.m.k. enn) góðu lífi en hitt hefur hörfað. Þess vegna er viturlegt að taka tillit til allra möguleikanna. Þegar allt kemur til alls eru þó margar sannfærandi ástæður fyrir því að spá fyrir um bjarta framtíð fyrir orðið *sannlíki*.

5. Lokaorð

Hér að framan hefur hið glænýja íslenska orð *sannlíki* verið kannað ítarlega og frá mörgum hliðum. Þróun orðsins er rakin alveg frá tilurð þess í bandarískum fjölmiðlum, þar sem hugtakið „alternative facts“ hefur vakið athygli og deilur upp á síðkastið, til dagsins í dag. Einnig var gerð grein fyrir þeim samfélagslegu og pólitísku ástæðum ásamt málfræðilegum atriðum sem hafa skapað íslensku þýðingunni greiða leið inn í

mál hversdagsins. Breytingar á pólitísku andrúmslofti bjuggu til gat í orðaforðanum, en áhugasamir Íslendingar voru duglegir að fylla upp í það með virkum skoðanaskiptum á opinberum vettvangi samfélagsmiðla. Ýmislegt forvitnilegt kom í ljós á meðan umræður um bestu þýðinguna stóðu yfir, en mest áberandi var virkni og áhugi almennings í því að móta tungumálið. Það voru sem sagt ekki einungis málfræðingar, blaðamenn og stjórn málafræðingar sem sökkту sér niður í nýyrðasköpun þótt umræðuefnið komi þessum sviðum mest við. Þetta minnir á þælingar Guðmundar Andra Thorssonar um mátt þess að skapa ný orð. Í greininni „Nýyrðasmíðin er hvítagaldur“ skrifar hann: „Með nýyrðasmíðinni hættir hinn afskekkti afdalamaður að vera utanveltu þiggjandi í veröldinni og skapar sjálfur eðli fyrirbæranna því að í nafninu felst eðlið. Þetta snýst um sjálfvitund“ (Guðmundur Andri Thorsson 2005). En hverjar eru framtíðarhorfur þessa ávaxtar hvítagaldursins? Mun *sannlíki* lifa af? Velgengni nýyrðis er háð svo mörgum þáttum, bæði í orðinu sjálfu og í síbreytilegum ytri heiminum, að varla er hægt að segja með góðri vissu fyrir um framtíð þess. En ástæður eru samt til að trúa því að framtíð *sannlíkis* sé björt. Auk alls þess sem hefur verið rakið hingað til má líka nefna að Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, notaði orðið í ræðu við setningu Hugvísindafélagsins við Háskóla Íslands, 10. mars 2017. Að hafa fengið þess konar viðurkenningu innan aðeins fáeinna mánaða bendir mjög sterklega til þess að orðið verði í málinu til langrar dvalar.

Heimildir

- Anna Marsibil Clausen. 2017. Fávallt fjórða vald: Trump, traust, falskar fréttir og sannlíki. *Morgunblaðið*, 5. febrúar:20-21
- Anna Theodóra Rögnvaldsdóttir. 2017. Ummæli við stöðufærslu Steinunnar Ólínu Þorsteinsdóttur á facebook.com, 23. janúar 2017.
- Ágústa Þorbergsdóttir. 2017. Tölvupóstur til höfundar. 18. janúar.
- Árni Böðvarsson. 1977. *Merkingarfræði*. (2. útgáfa). Reykjavík, Iðunn.
- Baldur Jónsson. 2006. *Þjóð og tunga. Ritgerðir og ræður frá tímum Sjálfstæðisbaráttunn*. Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag.
- Bever, Lindsay og Samantha Schmidt. 2017. Kellyanne Conway cites ‘Bowling Green massacre’ that never happened to defend travel ban. *The Washington Post*, 3. febrúar. Sótt 3. febrúar 2017 af https://www.washingtonpost.com/news/morning-mix/wp/2017/02/03/kellyanne-conway-cites-bowling-green-massacre-that-never-happened-to-defend-travel-ban/?tid=a_inl&utm_term=.7766dc148bd8
- Björn Bjarnason. 1918. Nýyrði. *Tímarit Verkfræðingafélags Íslands* 3(2):46-56.
- Bragi Valdimar Skúlason og Brynja Þorgeirsdóttir. 2016. *Orðbragð. Fregnir af andláti „fössara“*. Ríkissjónvarpið. 19. október 2016.
- Breki Karlsson. 2017. Ummæmi við stöðufærslu Hjálmars Gíslasonar á facebook.com, 27. janúar 2017.
- Brynjar Smári Kristínar Hermannsson. 2017. Ummæli við stöðufærslu Steinunnar Ólínu Þorsteinsdóttur á facebook.com, 23. janúar 2017.
- Dansk sprognævne*. 2016. Smykkelov, trumpisme og gyllegate. Dansk sprognævnes nyordliste 2016. Sótt 8. janúar 2017 af <https://dsn.dk/noid/nyordslister/smykkelov-trumpisme-og-gyllegate-dansk-sproгнаevns-nyordsliste-2016>
- DV. 2016. Sannleikur í krísu. 1. desember. Sótt 10. apríl 2017 af <http://www.dv.is/menning/2016/12/1/post-truth/>
- Eiríkur Stephensen. 2017. Ummæli við stöðufærslu Steinunnar Ólínu Þorsteinsdóttur á facebook.com, 23. janúar 2017.
- Guðmundur Andri Thorsson. 2005. Nýyrðasmíðin er hvítigaldur. *Vísir*, 25. apríl. Sótt 5. mars 2017 af <http://www.visir.is/nyyrdasmidin-er-hvitigaldur/article/2005504250431>

- Guðni Tómasson. 2017. Orð móta heiminn. *Fréttatíminn*, 6. janúar. Sótt 23. maí 2017 af <http://www.frettatiminn.is/ordin-mota-heiminn/>
- Guðrún Hannesdóttir. 2017. Ummæli við stöðufærslu Steinunnar Ólínu Þorsteinsdóttur á facebook.com, 23. janúar 2017.
- Hallgrímur Óskarsson. 2017. Ummæli við stöðufærslu Hjálmars Gíslasonar á facebook.com, 27. janúar 2017.
- Haugum, Ida. 2016. *Vegen inn i spráket. Om integrering og av nyord i islandsk.* Óprentuð MA-ritgerð í eigu höfundar. Universitetet i Bergen.
- Helgi Guðmundsson. 1977. Um ytri aðstæður íslenzkrar málþróunar. *Sjötú ritgerðir helgaðar Jakobi Benediktssyni* 1:314-325. Reykjavík, Stofnun Árna Magnússonar.
- Hjálmar Gíslason. 2017. Stöðufærsla á facebook.com, 27. janúar 2017.
- Isaksen, Torbjørn Røe. 2017. Her er noe alternative fakta om alternative fakta. *Morgenbladet*, 3. febrúar. Sótt 10. apríl 2017 af <https://morgenbladet.no/2017/02/fakta-om-alternative-fakta>
- Íslenska til alls. Tillögur íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu.* 2008. http://islenskan.is/images/Íslenska_til_alls.pdf. Menntamálaráðuneyti.
- Jóhann Hauksson. 2011. *Þræðir valdsins. Kunningjavelði, aðstöðubrask og hrun Íslands.* Reykjavík, Veröld.
- Jón Friðjónsson. 1988. *Íslenskar leskaflar með skýringum, málfræði, setningafræði og æfingum.* Reykjavík, Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Katrín Axelsdóttir. 2014. *Saga af orðum.* Reykjavík, Háskólaútgáfan.
- Ketill Berg Magnússon. 2017. Ummæli við stöðufærslu Hjálmars Gíslasonar á facebook.com, 27. janúar 2017.
- Kjartan G. Ottósson. 1990. *Íslensk málhreinsun. Sögulegt yfirlit.* Reykjavík, Íslensk málnefnd.
- Konnikova, Maria. 2017. Trump's lies vs. your brain. *Politico* 4(1). Sótt 3. febrúar 2017 af <http://www.politico.com/magazine/story/2017/01/donald-trump-lies-liar-effect-brain-214658>
- Mörður Árnason, Svavar Sigmundsson og Örnólfur Thorsson. 1982. *Orðabók um slangur, slettur, bannaorð og annað utangarðsmál.* Reykjavík, Svart á hvítu.
- Ragnheiður Sverrisdóttir. 2017. Ummæli við stöðufærslu Steinunnar Ólínu Þorsteinsdóttur á facebook.com, 23. janúar 2017.

- Róbert Jóhannsson. 2017. Annar sannleikur Trumps og Spicers. *RÚV*, 23. janúar. Sótt 14. febrúar 2017 af <http://www.ruv.is/frett/annar-sannleikur-trumps-og-spicers>
- Sinderbrand, Rebecca. 2017. How Kellyanne Conway ushered in the era of ‘alternative facts’. *The Washington Post*, 22. janúar. Sótt 3. febrúar af https://www.washingtonpost.com/news/the-fix/wp/2017/01/22/how-kellyanne-conway-usherred-in-the-era-of-alternative-facts/?utm_term=.098b78e79509
- Språkrådet. 2016. Årets ord: hverdagsintegrering. Sótt 8. janúar 2017 af http://www.sprakradet.no/Vi-og-vart/Prisar_og_karingar/Arets-ord/
- Todd, Chuck. 2017. *Meet the Press*. CNN. 22. janúar.
- Valgeir Skagfjörð. 2017. Ummæli við stöðufærslu Steinunnar Ólínu Þorsteinsdóttur á facebook.com, 23. janúar 2017.
- Wikipedia. 2017. Alternative fakta. Sótt 10. apríl 2017 af https://no.wikipedia.org/wiki/Alternative_fakta
- Wikipedia. 2017. Panamaskjölin. Sótt 23. maí 2017 af <https://is.wikipedia.org/wiki/Panamaskjölin>
- Þorvaldur Sverrisson. 2017. Ummæli við stöðufærslu Steinunnar Ólínu Þorsteinsdóttur á facebook.com, 23. janúar 2017.
- Þóra Björk Hjartardóttir. 2004. Baráttan um orðin. Orðanotkun tengd samkynhneigð. *Íslenskt mál* 26:83-122.
- Þórður Snær Júlíusson og Þórunn Elísabet Bogadóttir. 2017. Kvikan. Valkvæðar staðreyndir rata inn í íslenska umræðu. *Kjarninn*. 26. janúar.

